



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**MA ritgerð
í Hagnýtri Menningarmiðlun**

Þjóðarbókhlaðan
Heimili tveggja safna

Ólafur Jóhann Sigurðsson

Leiðbeinandi: Sumarliði R. Ísleikdsson, lektor
Yrsa Þurý Roca Fannberg
Júni 2022

SAGNFRÆÐI OG HEIMSPEKIDEILDAR

Þjóðarbókhlaðan
Heimili tveggja safna

Ólafur Jóhann Sigurðsson
030487-2579

Lokaverkefni til MA-prófs í Hagnýtri Menningarmiðlun

Leiðbeinandi: Sumarliði R. Ísleifsson

Yrsa Þurý Roca Fannberg

Sagnfræði og heimspekideild
Hugvísinfasviðs Háskóla Íslands
Júni 2022

Þjóðarbókhlaðan: Heimili tveggja safna

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til MA-prófs
við Safnfræði og heimspekideild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Ólafur Jóhann Sigurðsson, 2022

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Í greinargerð þessari er leitast við að svara áleitnum spurningum um eðli bókasafns og því svarað með hugtakagreiningu. Auk þess er farið yfir helstu tegundir bókasafna með áherslu á akademísk söfn og landsbókasöfn í þeim tilgangi að skýra og miðla sögu, starfi og mikilvægi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns fyrir íslenskt samfélag. Safnið er nú staðsett í byggingu Þjóðarbókhlaðunnar við Arngrímsgötu 3 í Reykjavík. Auk þess er gerð grein fyrir innihaldi og markmiði heimildarstuttmyndarinnar *Þjóðarbókhlaðan* sem unnin var samhliða þessari greinargerð.

Lykilorð:

Bókasafn, Landsbókasafn, Háskólabókasafn, Þjóðarbókhlaðan, sameining bókasafna, stafræn bylting, hlutverk bókasafna, tækifæri bókasafna.

Sérstakar þakkir

Aðalbjörg Lúthersdóttir og Sigrún Ólafsdóttir fyrir yfirlestur og villuleiðréttingar.

Sumarliði R. Ísleifsson og Yrsa Þurý Roca Fannberg fyrir þolinmæði þeirra í hlutverkum leiðbeinenda.

Að lokum vil ég þakka öllu starfsfólki Þjóðarbóklöðunnar og þá sérstaklega Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur landsbókaverði sem gaf leyfi fyrir kvikmyndun á safninu og gerði þar með verkefnið mögulegt.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Sérstakar þakkir	4
1. Inngangur	6
2. Hvað er bókasafn?	7
__ 2.1. Að beisla þekkinguna	7
__ 2.2. Vöruskemman sem varð að bókasafni	11
3. Bókasafnsflóran	19
__ 3.1. Helstu tegundir bókasafna	19
__ 3.2. Akademísk bókasöfn	20
__ 3.3. Landsbókasöfn	22
__ 3.4. Lög og leiðarvísir landsbókasafna	24
__ 3.5. Markmið og umframhlutverk landsbókasafna í verki	26
4. Þjóðarbókhlaðan – Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn	29
__ 4.1. Saga tveggja safna	29
__ 4.2. Erfið fæðing sameiningar	30
__ 4.3. Starfsemi safnanna	33
__ 4.4. Rafvæðing og stafræn bylting	36
__ 4.5. Litið til framtíðar	39
5. Miðlunarleiðin	43
__ 5.1. Óveruleiki heimildarmyndarinnar	43
__ 5.2. Heimildarmyndin Þjóðarbókhlaðan	43
6. Lokaorð	45
Heimildaskrá	46

1. Inngangur

Nafn þessarar greinargerðar vitnar eðlilega til Þjóðarbókhlöðunnar og bókasafnsins sem þar er að finna en það vitnar einnig til samnefndrar heimildarstuttmýndar sem gerð var samhliða þessum skrifum. Umfjöllunarefni beggja er það starf sem á sér stað innan veggja safnsins, uppruni þess og hvert það stefnir í framtíðinni. Í greinargerðinni er hins vegar gengið lengra og þeirri frumspekilegu spurningu um hvað bókasafn er, svarað með hugtakagreiningu. Að því loknu er farið í saumanna á hinum ýmsu tegundum bókasafna með áherslu á akademísk söfn og landsbókasöfn. Þar er fjallað um hvað það þýðir fyrir bókasöfn að bera þessa titla og hvaða sérstöku kröfur eru gerðar til slíkra safna. Auk þess er farið yfir þá möguleika sem búa í hvorri tegund safna fyrir sig. Að því loknu er Þjóðarbókhlöðunni gerð skil og fjallað um tilurð þeirra tveggja safna sem bygging Þjóðarbókhlöðunnar hýsir. Einnig er farið yfir sameiningarferlið sem hófst árið 1956 þangað til að sameinað safn opnaði árið 1994 auk þess sem þeirri þrautagöngu sem það ferli hafði í för með sér eru gerð skil. Hugleiðingar um framtíð safnanna eru einnig könnuð í kjölfarið og ýmsum spurningum varpað fram um hvað stofnanirnar geti gert til þess að láta gott af sér leiða fyrir nærumhverfi sitt og samfélagið í heild. Að lokum gefur að líta umfjöllun um innihald og markmið stuttheimildarmýndarinnar sem unnin var samhliða greinargerðinni. Að svo búnu er ekki eftir neinu að bíða heldur skulum við demba okkur inn í heim bókasafnsins.

2. Hvað er bókasafn?

2.1. Að beisla þekkinguna

Sú rannsóknaraðferð sem heimspekingar grípa jafnan til þegar greina á sérstakt fyrirbæri í þaula er kölluð *hugtakagreining* (e. conceptual analysis). Aðferðin, sem er einnig kölluð rökgreining, greinir merkingu ákveðins hugtaks út frá röklegum skilyrðum sem liggja að baki hugtakinu.¹ Með henni er þannig leitast við að finna *naðsynleg* (e. necessary) og *nægileg* (e. sufficient) skilyrði þess að eitthvað tiltekið stak x falli undir tiltekið hugtak y .² Þar sem verkefni okkar hér er að átta okkur á hugtakinu *bókasafn* og hvað það þýðir fyrir ákveðið stak að vera bókasafn, er okkur í lófa lagið að beita slíkri aðferð hér. Þegar greina skal hugtak er yfirleitt best að kanna fyrst uppruna þess. Þannig að áður en við getum byrjað að greina hugtakið bókasafn, verðum við að kanna hvað liggur fyrirbærinu til grundvallar svo það geti á annað borð átt sér tilvist. Það sem liggur bókasafni til grundvallar er fyrst og fremst ritlist og ritmál. Án þess væru eðlilega engar bækur a.m.k. ekki eins og við þekkjum þær og þar með engin bókasöfn nema þá í allt öðrum skilningi og þar með annað fyrirbæri en við viljum greina hér.

Fólk hefur í tímans rás þróað með sér tvær tegundir myndrænnar tjáningar, í fyrsta lagi myndlist en síðar letur og ritlist. Íslenska orðið ritlist er afar viðeigandi því það lýsir bæði inntaki og uppruna fyrirbærisins sem orðið vitnar til. Fræðimenn líta almennt svo á að ritlistin eigi rætur sínar að rekja til listarinnar, þ.e.a.s. að hæfni fólks til þess að tjá sig myndrænt liggja ritlistinni til grundvallar. Myndræn tjáning listarinnar og ritlistin eru þó í grundvallaratriðum tvær mismunandi tegundir tjáningar og tilgangur þeirra í samfélaginu ekki sá sami.³ Líkt og tungumálið er myndlistin, sem og öll önnur list, ákveðin tegund af tjáningarformi. Boðskapur þess getur m.a. verið táknrænn, trúarlegur, sögulegur eða pólitískur. En tilgangur listar er ekki bara að koma skilaboðum eða einstaka upplýsingum á framfæri heldur ennfremur að kalla fram tilfinningaleg viðbrögð, þ.e.a.s. *að hreyfa við þeim sem nemur og skynjar listina*.⁴ Tilgangur ritmáls er hins vegar fyrst og fremst að koma hráum skilaboðum og upplýsingum greiðlega á milli fólks. Hvort upplýsingarnar

¹ Kristján Kristjánsson, „Hugtakagreining“, í *Mannkostir* (Háskólaútgáfan, 2002), 148–149.

² Kristján Kristjánsson, 147.

³ Charles Bazerman, ritstj., *Handbook of research on writing: history, society, school, individual, text* (New York: L. Erlbaum Associates, 2008), bls. 7.

⁴ Sam Siegel, „The Purpose of art“, [samsoriginalart.com](https://samsoriginalart.com/the-purpose-of-art-2/), júní 2019, <https://samsoriginalart.com/the-purpose-of-art-2/>.

hreyfi við þeim sem þær les er aukaatriði hvað varðar tilgang ritmáls.

Áður en ritlistin kom til sögunnar bjó fólk þó vissulega yfir munnlegri hefð sem gekk einstaklinga á milli í formi sögu, söngs eða ljóðs og gat þannig varðveitt bæði visku og upplýsingar milli kynslóða. Í sinni grófustu mynd er ritlistin einmitt leið fólks til að yfirstíga ákveðin vandamál sem fylgja munnlegri hefð, vandamál sem aðeins urðu ljós í kjölfar landbúnaðarbyltingarinnar. Með landbúnaðarbyltingunni gátu samfélög safnara og veiðimanna sest að á einum stað og vaxið að stærð langt umfram það sem þau voru áður megnug. Aukinn fólksfjöldi leiddi aftur á móti til flóknari samfélagsgerðar sem aftur kallaði á frekari miðstýringu. Jafnframt þeirri þróun jókst verslun á milli samfélaga verulega og varð þeim æ mikilvægari. Upp úr þessu reis ritlistin sem leið til þess að afrita minni fólks og færa það frá hinu hverfula andlega rými hugans yfir í hið efnislega og stöðugra rými hlutanna svo minnið mætti geymast í óbreyttri mynd lengur en sem nam einni mannsævi.⁵ Að koma upplýsingum yfir á hlutlægt form hafði einnig þann kost í för með sér að upplýsingar hurfu ekki með andláti einstaklingsins sem mundi þær. Framför ritunar fólst því fyrst og fremst í stöðuleika upplýsinganna.

Áhrif verslunar á uppruna ritlistar eru gríðarleg og án hennar er óhætt að segja að stökkið til bókmenntahefðarinnar sem við þekkjum í dag hefði reynst næsta ómögulegt. Okkar elstu heimildir um ritmál eru u.þ.b. 5200 ára gamlar og koma frá Mesapótamíu í Mið-Austurlöndum, nánar tiltekið á landsvæðinu á milli ána Tigris og Efrat, sem nú liggur innan landamæra Sírlands og Íraks. Ritmál þróaðist einnig sjálfstætt þar sem nú er Kína og Mið-Ameríka, en þó nokkru síðar. Umfjöllun okkar hér á hins vegar aðeins við um þróun ritmálsins eins og hún átti sér stað í Mesapótamíu. Í upphafi einskorðaðist tilgangur frumritmálsins eingöngu við ýmiskonar verslun með hráefni. Á meðan listsköpun leitaðist við að túlka hið yfirnáttúrulega yfirbragð handanheimsins braust ritmálið fram með túlkun á hinu hversdagslega. Tákni þess stóðu þannig fyrir þekktar stærðir sérstaks hráefnis t.d. korns eða búfénaðar.⁶

Undanfari frumritmálsins, hið svonefnda *leirtáknmyndakerfi* (e. The Token System) er hins vegar mun eldra og má rekja til nýsteinaldar fyrir u.þ.b. 9500 árum. Innan þessa kerfis voru fyrirbærin sem tákna átti mótuð í litlar leirstyttur þar sem ein lítil

⁵ Christian Jakob, „Gathering Memory: Thoughts on the History of Libraries“, í *Diogenes*, b. 196 Issue 4. (Paris: P.U.F., 2001), bls. 53.

⁶ Bazerman, *Handbook of research on writing*, bls. 8.

leirstytta af t.d. kú táknaði eina raunverulega kú og þar fram eftir götunum. Með tímanum þróaðist kerfið með þeim hætti að afstæð form tóku að tákna mismunandi stærðir eða vörur. Sem dæmi táknuðu sívalningslaga leirstyttur heila hjörð af búfénaði og þar með gat ein stytta táknað meira en eitt stakt fyrirbæri í senn.

Með leirtáknmyndakerfinu hafði manneskjunni tekist að hanna fyrsta sjónræna kóðann þ.e.a.s. fyrsta handverkið með þann eina tilgang að miðla einstökum og sértækum upplýsingum á milli fólks. Þrátt fyrir að geta táknað fleira en eitt fyrirbæri í einu með stakri stytta var þó sá galli á kerfinu að ekki þurfti mikið magn hluta til að stytturnar sjálfar yrðu of margar og ómeðfærilegar.⁷ Þrátt fyrir þann galla varð leirtáknmyndakerfið mjög langlíf og var við líði í um 4000 ár þangað til fyrir u.þ.b. 3200 árum f.o.t. þegar tvívítt táknerfi leturs leit fyrst dagsins ljós.

Sú verslun sem frumborgríki Mesapótamíu á borð við Uruk, sem stóð við Efratfljót og átti sitt gullaldarskeið fyrir u.þ.b. 2900 árum f.o.t., var orðin svo mikil að leirtáknmyndakerfið gat illa haldið utan um hana. Til þess að leysa vandamálið við magnið af leirstyttum, tók fólk upp á því að koma styttunum fyrir í leirhólkum, einskonar umslögum, sem héldu utan um stytturnar. Í umslögunum var minni hætt á að einstaka stytturnar týndust eða skemmdust. Með tímanum myndaðist síðan sú hefð að þrýsta samskonar styttum og leirhólkarnir innihéldu, á leirhólkana sjálfa til þess að tákna hvaða stytturnar hólkurinn hefði að geyma. Eftir það leið ekki á löngu þar til fólk áttaði sig á að þar með væru stytturnar í raun óþarfar. Förlin sem stytturnar skildu eftir sig á leirhólkunum öðluðust þannig sjálfstæða merkingu og það lagði grunninn að tvívíðu leturtáknakerfi Mesapótamíu, svokallaðri *fleygbogaskrift* (e. cuneiform).⁸

Frá Mesapótamíu barst leirtáknmyndakerfið og síðar fleygbogaskriftin með verslunarleiðum til annarra samfélaga í nágrenni við Mið-Austurlönd og Miðjarðarhafið. Mörg samfélöganna tóku einfaldlega upp fleygbogaskriftina á meðan önnur lögðu hana til grundvallar sinnar eigin útgáfu líkt og átti sér stað í Egyptalandi. Í fönekísku borgríkjunum, sem í dag liggja innan landamæra Lebanons, átti sér síðan stað merkileg framför fyrir u.þ.b. 1700 árum f.o.t. með tilkomu stafrófsins.⁹ Framför stafrófsins fólst í að hvert ták stóð nú fyrir hvert einstakt hljóð tungumálsins í stað hluta og hugtaka. Með

⁷ Bazerman, bls. 8-9.

⁸ Bazerman, bls. 9-10.

⁹ Bazerman, bls. 13-15.

því var hægt að notast við mun færri tákn en fyrri ritmál kröfðust.

Löngu áður en Fönekíumenn fundu upp stafrófið höfðu hins vegar fyrstu eiginlegu frumbókasöfnin spröttið upp. Til að byrja með byggðist safnkostur þeirra á leirstyttum leirtáknmyndakerfisins en síðan á leirtöflum eftir tilkomu fleygbogaskriftarinnar. Upplýsingarnar sem þessi frumsöfn höfðu að geyma voru þó nær undantekningarlaust kvittanir af ýmsu tagi, lög borgríkisins og síðast en ekki síst skattframtöl. Tilgangur fyrstu bókasafnanna fyrir samfélög fornaldar í Mesapótamíu var því fyrst og fremst að vera einskonar hagstofur.¹⁰

Fyrstu skrefin í átt að bókmenntum voru síðan tekin fyrir u.þ.b. 2700-2600 árum f.o.t. og má rekja til heimsmyndar og trúariðkana Mesapótamíumanna. Samkvæmt þeirra siðum varð að halda anda framliðinna einstaklinga lifandi í handanheiminum með því að segja nafn hins framliðna upphátt með reglubundnum hætti á ákveðnum helgidögum. Með því að rista í grafgripi hins framliðna tákn nafns hans var hægt að komast hjá þeim kvöðum að segja nafnið upphátt þar sem táknin voru álitin jafngildi þess. Táknin voru gjarnan skreytt með gyllingu og *lapis lazuli* (blátt myndbreytt berg). Fyrsta notkun ritlistarinnar utan hins efnahagslega var því í formi grafskriftar. Með grafskriftinni má segja að fólk hafi áttað sig á að hægt væri að skrifa um hvað sem er. Fljótlega eftir að grafskriftarsíðurinn hafði fest sig í sessi hafði ritlistin einnig haslað sér völl á flestum sviðum mannlegs samfélags.¹¹

Þannig jókst safnkostur fyrstu bókasafnanna umfram gamlar kvittanir og skattframtöl. Saga samfélaganna skipaði t.a.m. stærri sess innan safnkostsins og þá helst saga valdhafanna. Það sem áður hafði aðeins varðveist í munnlegri hefð ljóða og söngva, líkt og sagan af Gilgamesh hinum goðsagnakennda konungi Urukborgar, var nú aðgengilegt í rituðu formi. Almenn er litið svo á að hin eiginlega bókmenntahefð hefjist með ritun goðsögunnar um Gilgamesh fyrir u.þ.b. 2150 – 1400 árum f.o.t. þar sem hún er jafnan talin vera elsta dæmið um skáldsögu.¹² Á þessu stigi mannkynssögunnar, þ.e.a.s. fyrir u.þ.b. 4000 árum, voru því bæði bækur og bókasöfn komin til sögunnar og hafa verið hluti af samfélagi fólks síðan. Með ritmálið að vopni má segja að fólki hafi tekist að beisla þekkinguna sér í hag sem aldrei fyrr.

¹⁰ Margaret Zarifeh, „Libraries of the ancient world“, *ANZTLA EJournal*, tbl. 40 (2000), bls. 3.

¹¹ Bazerman, bls. 12-13.

¹² Joshua J. Mark, „Gilgamesh“, *World History Encyclopedia*, 29. mars 2018, <https://www.worldhistory.org/gilgamesh/>.

2.2. Vöruskemman sem varð að bókasafni

Nú þegar við þekkjum aðeins til uppruna ritmálsins getum við byrjað að greina fyrirbærið bókasafn nánar og komist að því hvað það eiginlega er. Ef við ættum í fljótu bragði að svara spurningunni *hvað er bókasafn?* mætti sjálfsagt segja að það sé einfaldlega safn mismunandi texta og bóka, geymd á einum og sama staðnum. Einföld skilgreining af þessu tagi er augljóslega ótæk þar sem næstum hvaða staður sem er gæti þar með talist bókasafn, svo lengi sem þar sé a.m.k. einhvern snefil af texta að finna. Sem dæmi gætum við ímyndað okkur stóra vöruskemmu, fulla af kössum og að ofan í kössunum væru bækur. Hins vegar vill svo óheppilega til að kassarnir eru algerlega ómerktir. Við vitum þannig ekki hvers eðlis bækurnar eru né á hvaða tungumáli þær eru. Hvað okkur varðar gætu síður bókanna allt eins verið auðar. Til að bæta gráu ofan á svart er vöruskemman einnig harðlæst og engan lykil að finna svo enginn kemst inn til að kíkja ofan í kassana. Í vissum skilningi gæti okkur samt þótt þessi ímyndaða vöruskemmu vera hið fínasta bókasafn þar sem vissulega hefur þar fjölda bóka verið safnað saman á einn stað. Fæst okkar myndu þó setja samasem merki milli vöruskemunnar og hugmyndarinnar um bókasafn, heldur líta einfaldlega á skemmuna sem geymslu. Hvað er það þá sem gerir bókasafn að eiginlegu bókasafni?

Til að átta okkur á hvað þarf til að vöruskemman geti talist bókasafn er gott að kanna fyrst hver sé grunntilgangur bókasafns. Fljótt á litið er munurinn á geymslu og bókasafni sá að bókasafn hefur ekki einungis þann tilgang að varðveita og verja bækurnar fyrir veðri og vindum. Væri það eini tilgangur bókasafna væri í raun enginn munur á bókasafni og bókageymslu og hugtakið bókasafn því líklega ekki til sem aðgreint og sérstakt fyrirbæri. Grunntilgangur bókasafnsins er þá líklega fyrst og fremst tengdur innihaldi bókanna sem það hýsir. Tilgangur bóka er að miðla upplýsingum. Sú miðlun er hins vegar aðeins möguleg með lestri textans sem bækurnar geyma á síðum sínum. Ólesin bók á því t.d. margt líkt með sófa sem enginn sest í. Ef enginn sest nokkurn tímann í sófann er hann í sjálfu sér tilgangslaus líkt og hver annar dauður hlutur í rými. Tilgangur bókasafns hlýtur því fyrst og fremst að vera sá að gera upplýsingar, þ.e.a.s. innihald bókanna, aðgengilegar fyrir fólk svo það geti nýtt sér fróðleikinn sem þar er. Ef bókasafn á að geta þjónað frumtilgangi sínum verða bækurnar sem safnið hefur yfir að ráða að vera aðgengilegar fólki.

Segjum sem svo að við finnum nú loksins lykilinn að vöruskemmum. Miðað við það sem áður hefur komið fram ætti að vera nóg að opna skemmuna upp á gátt fyrir fólki og þar með komið á fót einu stykki bókasafni. En er málið svo einfalt? Bækurnar eru ennþá í kössunum og þar með vitum við í raun ekkert af viti um bækurnar sjálfar né hvaða upplýsingar þær hafa að geyma. Ef einhver kæmi inn og bæði t.d. um landabréfabók eða kannski skáldsögu eftir ákveðinn höfund gætum við ekki mikið annað gert en að yppta öxlum og segja viðkomandi að leita í kössunum. Augljóslega vantar okkur ennþá eitthvað upp á til þess að vöruskemman geti kallast starfshæft bókasafn.

Efnisskipan safnkosts eftir vitrænni flokkun á innihaldi textans þróaðist samhliða söfnun upplýsinga þegar fyrstu bókasöfnin urðu til.¹³ Það sést á sérstökum leirtöflum sem hafa verið grafnar upp við fornleifarannsóknir á bókasöfnum fornaldar í Mesapótamíu. Þessar sérstöku leirtöflur innihéldu aðeins upplýsingar um innihald og efni annarra taflna í safninu. Þessar töflur voru því fyrstu skrárnar yfir þær upplýsingar sem til voru í söfnunum. Stundum reyndar án raunverulegrar röðunar frá einni leirtöflu til annarrar, en þó raðað eftir þeim þekkingarsviðum sem þá þekktust. Sem slíkar voru þær fyrstu kerfisbundnu heimildaskrárnar.¹⁴

Annað sem vert er að leiða hugann að er orðsifjafræði orðsins bókasafn. Í fjölda tungumála má t.a.m. rekja uppruna orðsins *bókasafn* til gríska orðsins *bibliothéké* (g. βιβλιοθήκῆ) sem má skilja annars vegar sem kyrrestætt rými t.d. í byggingingu eða herbergi þar sem bókum hefur verið safnað saman og geymdar og hins vegar sem box eða kassa sem er færanlegur milli rýma og hægt er að taka með sér. Orðið vitnar því ekki eingöngu til staðbundinnar staðsetningar heldur einnig til bókanna sjálfra og samhenginu á milli þeirra.¹⁵ Biblían er gott dæmi um slíkt bókasafn. Þar hefur mörgum textum, sem allir geta þó staðið einir og sér sem sjálfstæðar bækur, verið safnað saman í einn heildartexta. Hvaða eiginleiki er það hins vegar sem gerir bók á borð við Biblíuna að eiginlegu bókasafni? Svarið við því er fólgið í samhenginu á milli texta bókanna sem saman mynda Biblíuna. Allir textarnir tengjast innbyrðis sökum viðfangsefnisins. Það sem gerir bókasafn að bókasafni hér er því í rauninni sú markvissa aðgerð að koma skipulagi á innihald safnsins. Bókasafnið er í eðli sínu framlenging á huganum í raunheimum og gerir

¹³ Jakob, bls. 50.

¹⁴ Jakob, bls. 54.

¹⁵ Jakob, bls. 42.

fólki kleift að gera það sem einn heili á erfitt með á eigin spýtur. Við getum þannig litið á aðgerðina að koma skipulagi á safnkostinn eftir vitsmunalegu kerfi sem lágmarkseiningu bókasafna.¹⁶ Bygging eða annað rými verður þar með ekki að bókasafni fyrr en að sú virkni að koma skipulagi á safnkostinn á sér stað í rýminu.¹⁷ Gildi og merking bókasafns er því í raun fremur fólgin í samspili og innri tengingu á milli bókana sjálfra heldur en í staðsetningu, fjölda, aldri eða gæðum þeirra. Til að gera bókasafnið aðgengilegt verður því nauðsynlega að koma upp flokkun eftir kerfi.

Svissneski læknirinn og náttúrufræðingurinn Konrad Gesner braut blað í sögu bókasafna með útgáfu sinni á *Bibliotheca Universalis* árið 1545 þar sem hann tók saman um 12.000 þekktar bækur og flokkaði niður í stafrófsröð eftir nafni höfundar. Vinna hans hélt áfram árið 1548 með útgáfu *Pandectram sive partitionum universalium* og lauk síðan árið 1555 með útgáfu *Appendix bibliotheca* og hafði hann þá bætt um 3000 bókum við upprunalegu útgáfurnar. Með vinnu sinni, að því sem hann kallaði *alhliða heimildaskrá*, lagði Gesner grundvöllinn að flokkunarkerfi bókasafna.¹⁸ Í dag nota bókasöfn flokkunarkerfi sem hannað var af bandaríska bókasafnsfræðingnum Melvil Dewey árið 1876 og kallast Dewey Decimal System.¹⁹ Það gerir fólki kleift að bæta nýjum bókum við bókasafnið á viðeigandi stað miðað við efni og innihaldi bókana. Samkvæmt kerfinu eru bækur flokkaðar eftir umfjöllunarefni í tíu svið og þeim úthlutað sérstakt raðnúmer frá 000 - 900. Þannig eru t.d. öll bókmenntaverk með raðnúmerið 800 en bækur um stærðfræði og vísindi með raðnúmeri 500. Hverju yfirsviði er síðan skipt niður í smærri og smærri einingar eftir umfjöllunarefni hvers texta fyrir sig. Aftan við raðnúmerið fær hvert eintak ákveðið 3ja stafa bókarnúmer sem kemur í veg fyrir að fólk ruglist á bókum um sama efni. Bókarnúmerin eru kölluð Cutter númer.²⁰ Á Íslandi hefur verið notast við tugakerfi Dewey síðan 1944.²¹

Galdurinn á bak við bókasöfn er þ.a.l. virkni skipulagsins sem og kortlagning á upplýsingum bókasafnsins því það er það sem gerir fólki kleift fletta upp og finna

¹⁶ Jakob, bls. 52.

¹⁷ Jakob, bls. 43.

¹⁸ Krishan Kumar, *Reference service* (Vikas Publishing House, 2009), bls. 365.

¹⁹ „Melvil Dewey American librarian“, Britannica, Desember 2021, <https://www.britannica.com/biography/Melvil-Dewey>.

²⁰ „How To Use the Dewey Decimal System“, Monroe County Public Library, Ma 2021, <https://mcpl.info/childrens/how-use-dewey-decimal-system>.

²¹ Finnbogi Guðmundsson, „Landsbókasafn Íslands 1818-1994“, í *Sál Aldanna: Íslensk bókasöfn í fortíð og nútíð*, ritstj. Guðrún Pálsdóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 1997), bls. 87.

ákveðinn texta innan um aragrúa annarra texta. Bókasafni má þannig líkja við einskonar vél sem greiðir úr minnisflækjunni og gerir þannig einstaka minni fólki aðgengilegt. Sem vitsmunalegt tæki má segja að bókasafn sjái fyrirfram fyrir sér eigin notkun en hún getur bæði verið fjölbreytt og afmörkuð, líkt og á sér stað á sérhæfðum söfnum einstakra fræðigreina eins og t.d. læknisfræði.²²

Önnur hjáverkun bókasafnsvélarinnar er að hún verður að minnisbanka í raunheiminum sem hægt er að sækja í aftur og aftur. Í þeim skilningi á bókasafnið sérstakt samband við tímann því söfnun eða höfnun á nýju efni er í eðli sínu óendanlegt verkefni að því gefnu að nýtt efni sé yfir höfuð framleitt. Bókasafnsvélin er þannig á vissan hátt líka tímavél. Hennar galli er þó sá að hún kemst aðeins aftur í tímann því eingöngu er hægt að nálgast þekkingu og upplýsingar eins og þær voru á þeim tíma sem þær voru færðar til bókar og varðveittar í fortíðinni.²³

Sú vídd bókasafnsins að gera fólki kleift á vissan hátt að ferðast aftur í tímann tengist á ríkan hátt notkunargildi þess. Í eðli sínu er það varanlegt, jafnvel tímalaust því hvern texta má lesa eins oft og hugurinn girnist. Því ekki úreldist safnkosturinn á sama hátt og t.d. matvæli. Texti hver svo sem hann er á sér þannig engan eiginlegan síðasta neysludag líkt og t.d. mjólk. Ólíkt mjólkinni þá úldar textinn ekki með tímanum heldur helst hann óbreyttur um óákveðinn tíma að því gefnu að efnið sjálft sem hann er ritaður á eyðist ekki. Upplýsingar sem textinn hefur að geyma geta vissulega úldnað í þeim skilningi að ný og betri þekking sem stangast á við staðhæfingar textans gæti hafa uppgvötað eftir að hann var skrifaður. Upprunalegi textinn stendur samt sem áður ávallt eftir sem heimild um þekkingu, skoðanir eða hugmyndir þess tíma sem hann var ritaður á. Hver lesandi getur því komið aftur og aftur að gömlum texta og metið hann upp á nýtt í hvert skipti sem hann er lesinn í ljósi nýrra upplýsinga, dregið síðan nýjar ályktanir og að lokum dreift þeim til nýrra lesenda. Endurlesning gamalla texta leiðir oft en ekki til nýrra hugmynda þrátt fyrir að viðkomandi lesandi hafi jafnvel lesið sama textan oft og mörgum sinnum. Þannig er í raun ómögulegt að tæma upplýsingar einstaka texta líkt og mjólk sem drukkin er úr mjólkurfarnu. Mjólkurinnar verður nefnilega að neyta áður en það er um seinan en texta má ekki eingöngu neyta hvenær sem er eftir hentugleikum heldur er einnig hægt að afrita hann svo lengi sem efni er til staðar til þess að afrita hann

²² Jakob, bls. 44.

²³ Jakob, bls. 45.

á. Það þarf því, ef svo má að orði komast, ekki að mjólka kúnna í hvert skipti sem þörf er á sama textanum aftur heldur aðeins í þau skipti sem það vantar algerlega nýjan texta, nýja merkingu og nýja uppröðun orða. Stöðugleiki bókasafna felst því í þeim eðliseiginleika textans að vera varanlegur og afritanlegur. Sá stöðugleiki upplýsinganna er einnig grunnskilyrði þess að bókasöfn hafi yfir höfuð kennslufræðileg og sjálfsmyndarskapandi áhrif á einstaklinga og samfélög. Auk þess er það einmitt þessi eiginleiki bókasafna að vera banki minninganna sem gerir samfélögum bæði auðveldara viðhalda sér og þróast.²⁴

Samfélög og fólkið sem þau mynda eru þar með bókasöfnunum afar mikilvæg því ekki spretta bókasöfnin upp af sjálfu sér í náttúrunni. Þau eru fyrst og fremst afrakstur verkmenningarinnar sem á rætur sínar að rekja til upphafs ritmáls sem miðlunar á upplýsingum milli fólks. Fyrsta forsenda bókasafns er því eðlilega að til sé samfélag sem setur sér það markmið að safna saman upplýsingum. Önnur forsendan er að til séu bækur yfir höfuð til þess að safna. Þriðja og líklega mikilvægasta forsendan er trúin á að söfnun upplýsinga sé gagnleg og veiti annað hvort einstaklingum eða samfélögum betri eða a.m.k. ekki verri stöðu á hinu táknræna og vitsmunalega sviði.²⁵ Þar sem dreifing upplýsinga út í samfélagið er bæði tilgangur og hlutverk bókasafnsins hefur stofnun þess í för með sér ákveðin áhrif á samfélagið. Að koma á fót bókasafni kemur óhjákvæmilega af stað pólitísktu miðlunarferli því í þekkingunni býr vald.²⁶ Með þekkingu og menntun eykur fólk möguleika sína á að ná árangri í því sem það tekur sér fyrir hendur. Ennfremur hefur sá sem ákveður hvaða þekkingu skuli varðveita og hverri skuli henda óhjákvæmilega í hendi sér gríðarlegt vald enda verður bókasafnið einskonaframlenging á gervöllum hugarheimi og minningum ákveðins hóps eða samfélags.²⁷ Sérstaklega þar sem slíkt vald stjórnar í raun hvað hið víðara samfélag getur munað og þ.a.l. hvaða þekkingu komandi kynslóðir hafa til að byggja framtíð sína á. Þannig er pólitískt vald fylgifiskur þess að hafa bæði aðgang að og stjórn á þekkingunni þó það tryggi vissulega ekki alltaf sjálfkrafa árangur þar sem möguleikinn á mistökum er alltaf fyrir hendi.

Hver eru síðan áhrif þess að safna þekkingu saman á einn stað? Á upphafsstigi bókasafna, hvort sem um ræðir í Mið-austurlöndum, Kína eða annars staðar, má greina

²⁴ Jakob, bls. 45.

²⁵ Jakob, „Gathering Memory: Thoughts on the History of Libraries“, bls. 42.

²⁶ Jakob, bls. 45.

²⁷ Jakob, bls. 46.

sameiginlegan þráð varðandi vald. Eðli bókasafnsins er eins og áður segir ekki eingöngu fólgið í því að varðveita einstaka minni. Ein helsta framförin sem fólst í fyrstu bókasöfnunum var að gera fólki kleift að halda utan um fjárhagstöðu ríkisins á áreiðanlegan hátt. Það skapar óhjákvæmilega vald í höndum þess sem hefur aðgang að slíkum upplýsingunum. Aðgangur að upplýsingum safnanna var þar með takmarkaður og háður valdhöfum hverju sinni. Skrifarar voru því að jafnaði afkomendur hinna valdamiklu t.d. hátt settra embættismanna og presta. Þrátt fyrir það gátu börn fátækra gengið í skóla og lært bæði að lesa og skrifa en aðeins með stuðningi einhvers úr valdastétt.²⁸ Eitt af því sem fylgir rekstri bókasafna er að ákveða hvaða upplýsingar á að varðveita hverjar ekki. Bókasöfn verða því að einskonar flokkunarstöð minninga. Að hafa vald yfir minningum samfélags er gríðarlega öflugt tól til lýðstjórnunar og því ekki að undra að fyrstu bókasöfnin hafi verið ákaflega háð valdhöfum hverju sinni. Bókasöfn fornaldar voru í flestum tilfellum staðsett í höllum konunga eða hofum presta. Sem dæmi má nefna konunglegt bókasafn Ashurbanipals Assýríukonungs (685 – 631 f.o.t.) í höfuðborg hans Níníveh. Markmið safnsins var ekki eingöngu að halda utan um ríkisbókhaldið og sögu samfélagsins heldur varð safnið einnig að framlengingu á valdi bæði konungs og ríkis þar sem konungurinn hafði yfirráð yfir hinni rituðu arfleifð samfélagsins í gegn um safnið.

Bókasöfn á fornöld voru því holdgervingar þeirrar hugmyndar að hægt sé að tryggja vald sitt í sessi með því í fyrsta lagi að sankta að sér allri þekkingu sem völ er á og í öðru lagi að geta ákvarðað hvað skal varðveita þ.e.a.s. hvað skal eiga heima í sameiginlegu minni þess samfélags sem valdhafinn ræður yfir. Í samanburði við ofursöfn valdhafanna, gátu önnur og minni bókasöfn ekki verið talin annað en ófullkomnar eftirmyndir ofursafnanna. Þar með urðu minni söfnin aðeins sýnishorn af þeirri þekkingu sem til var í samfélaginu. Til samanburðar má sjá hvernig þessi valdahugmynd bókasafna birtist í tveimur ólíkum fornmenningarsamfélögum. Í Alexandríu Hellenismans, höfuðborg Egyptalands í valdatíð Ptólemí ættarinnar á árunum 305 – 30 f.o.t. var bókum *barbaranna*, þ.e.a.s. allra sem ekki tilheyrðu hinum helleníska grískumælandi heimi, safnað til jafns við bækur hins *siðmenntaða* gríska heims. Þar var þekkingu annarra samfélaga ekki hafnað sem slíkri. Með þýðingum var innihald þeirra og boðskapur lagaður að grískum gildum en þó gert lægra undir höfði. Segja má að hún hafi fengið að þjóna hlutverki uppfyllingarefnis í byggingargrunni sem síðan var hulin með grískum

²⁸ Zarifeh, bls. 3-4.

marmara. Í Kína var hins vegar gengin önnur leið þar sem aðeins kínverskar bækur voru teknar inn. Það þótti óþarfi að safna bókum annarra menningarheima því í hinum kínverska mátti finna allt sem mikilvægt var á annað borð að varðveita. Ennfremur má í þessu ljósi nefna að sumir af hinum fornu kínversku keisurum lýstu eindregið áhyggjum sínum af tilvist einkabókasafna innan ríkisins því þau gætu innihaldið bækur sem keisarabókasafnið sjálft hafði ekki aðgang að. Ógn einkabókasafnanna, sem keisararnir upplifðu fólst í möguleikanum á broti gegn einokun þeirra á ritaðri arfleifð samfélagsins. Óttinn við að missa einokun sína á eignarhaldi samfélagsminnisins leyddi til þess að mörgum slíkum einkabókasöfnunum var eytt og þar með einnig þeirri pólitísku og táknrænu ógn sem af þeim stafaði.²⁹ Þessar aðferðir höfðu hvorar um sig sama markmiðið. Það er að ná fram algildi og heildarsambjöppun á allri mögulegri þekkingu í þágu valdhafans.

Það er því einmitt sökum getu og vilja samfélags eða einstaklinga sem bókasafn viðheldur sér, því ekki gerist það af sjálfsdáðun. Líftími bókasafns er því háður utanaðkomandi öflum. Þau öfl eru í eðli sínu óræð og lúta hver sínum lögmálum en hafa öll áhrif, með einum eða öðrum hætti, á framtíðarhorfur hvers bókasafns fyrir sig. Sem kyrrstæður hlutur í umhverfinu er bókasafnið háð stöðuleika þess umhverfis sem það er staðsett í. Ekki hefur nokkur einstaklingur t.d. nýtt sér né sótt þekkingu í bókasöfn Pompeiiborgar síðan eldfjallið Vesúvíus gaus árið 79 og lagði þau og borgina í rúst.³⁰ Líftími safns er einnig háður efnahagslegum aðstæðum einstaklinga og samfélaga. Bækur eru efnislegir hlutir hvort sem þær eru prentaðar á pappír, meitlaðar í stein eða geymdar á stafrænu formi á hörðum disk, á internetinu eða í skýi. Að búa til bækur, sem og varðveisla þeirra, krefst ávallt hráefnis í einhverri mynd og hefur það óhjákvæmilega í för með sér einhvern kostnað sem greiða þarf fyrir með einhverjum hætti, hvort sem er í formi gjaldmiðils eða vinnu. Ef slíkt er ekki til staðar, heldur bókasafnið ekki lífi líkt og lífvera án næringar. Að lokum þarf viljinn til þess að viðhalda safninu að vera til staðar. Fólk þarf einfaldlega, af einni eða annarri ástæðu, að vilja viðhalda safninu. Samfélag sem sér ekki ástæðu né gagn í því, eyðir ólíklega miklu púðri í slíkt.

²⁹ Jakob, bls. 48.

³⁰ Vísindamenn og fornleifafræðingar hafa aðeins nýlega getað rannsakað innihald þeirra texta sem fundist hafa við fornleifauppgröft í rústum Pompeii, með hjálp hátæknirannsóknartækja eins og lesa má um hér á vef tímarits Smithsonian stofnunarinnar: <https://www.smithsonianmag.com/history/buried-ash-vesuvius-scrolls-are-being-read-new-xray-technique-180969358/>.

Svo við víkjum nú sögunni aftur að vöruskemmunni okkar góðu eftir að hafa fengið lykilinn í hendurnar, þá er ennþá eitt sem vantar til að við getum kallað hana bókasafn og það er að koma skipulagi á safnkostinn með því að flokka og raða honum eftir vitsmunalegu kerfi á borð við flokkunarkerfi Dewey. Þá fyrst verða bækurnar og innihald þeirra aðgengilegar. Það er síðan samfélagsins að viðhalda safninu með því að bæta ávallt við safnkostinn um leið og nýtt efni verður til. Þegar öllu er á botninn hvolft getum við skilið fyrirbærið bókasafn sem allt í senn, blöndu af safni minninga, hugmynda og þekkingar, auk þess að vera staður með ákveðna staðsetningu í raunheiminum, sem starfar út frá huglægu flokkunarkerfi á efni og innihaldi þeirra upplýsinga sem finnast innan safnsins, á sama tíma og það er verkfæri til valds.

3. Bókasafnsflóran

3.1. Helstu tegundir bókasafna

Nú höfum við betri hugmynd um hvað bókasafn er í eðli sínu og getum þar með leitt hugann að hinum ýmsu tegundum bókasafna sem til eru í heiminum. Bókasöfn geta verið jafn mörg og sérhæfð og það eru til mismunandi umfjöllunarefni. Í þeim skilningi gætum við t.d. hugsað okkur afar sérhæft bókasafn sem innihéldi aðeins bækur eftir Halldór K. Laxness eða bókasafn sem sérhæfði sig í ljóðum sem samin voru í Suður–Ameríku á 19.öld. Mörg okkar hafa einnig aðgang að ýmsum rafbókaveitum í gegnum snjallsíma. Þær bækur sem þar er að finna mætti einnig kalla bókasafn þar sem allar bækurnar þar eiga það sameiginlegt að falla undir áhugasvið þess sem hefur safnað þeim. Bókasöfnum er almennt skipt niður í fjóra yfirflokka. Það eru akademísk bókasöfn, sérbókasöfn, almenningsbókasöfn, og landsbókasöfn. Öll þjóna þau mismunandi tilgangi en eiga það þó sameiginlegt að falla undir skilgreininguna okkar á fyrribærinu bókasafn. Sérbókasöfn urðu vinsæl í upphafi 20. aldar. Tilgangur þeirra er að þjóna tilteknum hópi fólks svo sem starfsmönnum ríkisstofnanna eða starfsfólki og meðlimum fag- eða rannsóknarstofnunar. Dæmin um Laxness safnið og Suður–Amerísku ljóðasöfnin væru þá dæmi um sérbókasöfn en undir þennan flokk myndu t.d. blindrabókasöfn og bókasöfn heyrnarlausra og heyrnarskertra einnig falla svo fátt eitt sé nefnt.

Almenningsbókasöfn, einnig kölluð hringrásarbókasöfn, eru söfn sem þjóna helst almenningi og eru jafnframt almennt fjármöggnuð með almannafé frá opinberum aðilum allt frá sveitarfélögum til ríkisstjórna. Almenningsbókasöfn geta einnig verið rekin með einkaframtaki en það er fátíðara. Almenningsbókasafnið er frábær fyrirmynd annarra stofnanna sem hafa það að markmiði að skapa og dreifa almannagæðum. Slík söfn þjóna hverjum einstaklingi eftir þörfum hans og hver sem er getur kafað eins djúpt í safnkostinn og viðkomandi vill.³¹ Bæði almennings- og sérbókasöfn eru afar áhugaverð viðfangsefni í sjálfu sér. Verkefni okkar hér er hins vegar kynnast betur eðli, markmiðum og þeim hugmyndum sem liggja að baki akademískum bókasöfnum og landsbókasöfnum. Við skulum því segja hér skilið við frekari umfjöllun um almennings- og sérbókasöfn að sinni.

³¹ „Types of Libraries (Academic, Public, National & Special Library)“, Library & Information Science Network, 14. febrúar 2022, <https://www.lisedunetwork.com/types-libraries-academic-public-national-special-library/>.

3.2. Akademísk bókasöfn

Akademísk bókasöfn eru bókasöfn sem tengd eru fræðslu- og menntastofnunum líkt og grunnskólum, framhaldsskólum eða háskólum. Helsta markmið hins akademísa bókasafns er að þjóna nemendum, fræðimönnum, kennurum og starfsfólki hverrar stofnunar fyrir sig. Það felst í því að veita notendum sínum aðgang að öllu því besta námsefni, eða a.m.k. eins góðu og völ er á, svo að þeir geti sinnt námi sínu sem skildi. Akademísk bókasöfn má lauslega flokka niður í grunnskólabókasöfn, framhaldsskólabókasöfn og háskólabókasöfn. Í grunninn getum við sagt að bókasöfn sem tengd eru sérstakri menntastofnun séu akademísk í eðli sínu.³²

Til að glöggva okkur betur á markmiði akademískra bókasafna þá snýst það um að hjálpa notendum, þá yfirleitt nemendum þeirra stofnanna sem söfnin eru tengd við, að þróa með sér árangursríkari námsaðferðir við öflun mikilvægra upplýsinga og að efla þar með huglægan þroska þeirra. Í verki lýsir það sér best með viðleitni safnanna til að aðstoða nemendur við sjálfsuppgötvun sína sem sjálfstæðra einstaklinga í þekkingarleit sem síðan bætir virkni þeirra í námi og eykur um leið getuna til gagnrýnnar hugsunar.

Á framhalds- og háskólastigi gegna akademísku bókasöfnin enn mikilvægara hlutverki. Það má líkja háskóla án bókasafns við bifreið án hjólbarða. Líkt og bifreiðin komast nemendur slíks skóla ekki langt enda takmarkar bókasafnsleysið allt nám nemenda gríðarlega. Háskólar geta hreinlega ekki starfað sem slíkir án þess að þeir komi á fót bókasafni í kring um það nám sem þeir bjóða upp á. Staða sérhvers framhalds- og háskóla er því gjarnan mæld út frá gæðum þess bókasafns sem menntastofnunin heldur utan um.³³ Þetta á vissulega meira við um háskólana en framhaldsskólana. Þó eiga sum framhaldsskólasöfn sér langa frægðarsögu líkt og Íþaka, skólabókasafn Menntaskólans í Reykjavík sem stofnað var árið 1867. Hver mennta- og fræðslustofnun sem býr yfir eigin bókasafni gerir eðlilega ráð fyrir að starf þess styðji við markmið stofnunarinnar, hvert sem sérvið hennar kann að vera. Af þeim sökum verða slík söfn oftast en ekki að sjálfstæðum kennslutækjum í sjálfu sér. Sem dæmi má nefna bókasafn Háskóla Íslands sem staðsett er í Þjóðarbókhöðunni og það starf sem þar er unnið í þágu nemanda háskólans í Ritverinu þar sem öllum nemendum er veitt aðstoð við fræðileg skrif, óháð

³² „Types of Libraries (Academic, Public, National & Special Library)“.

³³ „Types of Libraries (Academic, Public, National & Special Library)“.

fræðasviði.³⁴ Við getum því sagt að grunnhlutverk bæði framhalds- og háskólabókasafna sé að aðstoða móðurstofnunina við að ná fram markmiðum sínum.

Mikilvægi hins akademíska safns veltur því meira á hversu árangursrík sú vinna er enda verður krafan um að háskólabókasöfn stuðli að auknum árangri nemanda í námi háværingu með hverju árinu.³⁵ Á hinn bóginn hefur krafan um aukinn námsárangur nemenda kallað fram þá spurningu um hvort nemendur séu yfirleitt að fá tilbaka það sem þeir greiða fyrir með námsgjöldum sínum og aðgangi að háskólabókasöfnunum. Fay A. Chadwell veltir því einmitt fyrir sér í grein sinni *Assessing the Value of Academic Library Consortia* og vitnar þar til bókarinnar *Academically Adrift* eftir Richard Arum og Josipa Roksa frá árinu 2011 þar sem verulega er dregið í efa að háskólabókasöfnin séu að standa sig sem skildi í að auka námsgetu nemenda. Í bókinni er kannaður námsárangur 2300 stúdenta í Bandaríkjunum og á efni bókarinnar helst við í bandarísku umhverfi. Í grunninn má þó heimfæra þetta upp á sambærilegar stofnanir hérlendis og hvort nemendur eða aðrir notendur fái raunverulega þá þjónustu sem þeir greiða fyrir. Niðurstöður könnunarinnar eru því umhugsunarefni fyrir öll háskólabókasöfn í heiminum.³⁶

Hér sem og annars staðar í samfélaginu liggur vandamálið í fjármagninu. Hversu mikið af því er veitt til stofnananna, hvort þær hafi aðrar tekjulindir að sækja í og síðast en ekki síst hvernig fjármununum er að ráðstafað, svo að vel takist til. Chadwell leggur áherslu á að hægt sé að yfirstíga mörg þessara vandamála með samtakamætti og samstarfi. Samstarf milli safna á sér sögu allt aftur til 19. aldar. Í Bandaríkjunum hefur þannig samvinna vaxið ásmegin allt frá áttunda áratug síðustu aldar. Langlífi þeirrar samvinnu er til marks um ágæti hennar og árangur. Með samvinnu safna, sérstaklega þegar kemur að safnkosti, geta söfn í krafti fjöldans t.d. keyrt niður verð og annan kostnað við öflun á nýjum safnkosti.³⁷ Í greininni bendir Chadwell einnig á að með nútímavæðingu háskólabókasafna, sérstaklega á sviði rafvæðingar safnkostsins, sé bæði hægt að draga úr kostnaði við rekstur safnsins og auka námsgetu nemanda þar sem einn af kostum þess að gera safnkostinn aðgengilegan rafrænt er að fleiri en einn aðili getur nýtt sér hann í einu.³⁸

³⁴ „Ritver í Þjóðarboðhlöðu“, Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn, 19. janúar 2016, <https://landsbokasafn.is/index.php?page=ritver>.

³⁵ Faye A. Chadwell, „Assessing the Value of Academic Library Consortia“, *Journal of Library Administration* 51, tbl. 7–8 (1. október 2011): 645–61, <https://doi.org/10.1080/01930826.2011.601268>, bls. 647.

³⁶ Chadwell, bls. 645–646.

³⁷ Chadwell, bls. 648.

³⁸ Chadwell, bls. 651.

Að nálgast rekstur háskólabókasafna, sem og annarra safna, út frá fjárhagslegum þáttum líkt og með *arðsemiskönnun fjárfestingar* (e. return of investment analysis, ROI) þar sem skilvirkni og arðsemi fjárfestinga er metin út frá því hvað eftir stendur þegar kostnaður fjárfestingarinnar hefur verið dreginn frá, getur eðlilega haft margt gott í för með sér. Hins vegar er það e.t.v. ekki besta nálgunin þegar við hugsum okkur ávinninginn af fjárfestingum í menntun. Þannig bendir Chadwell t.d. á að J.G. Neal hafi í grein sinni *Stop the madness*, af ástríðu mótmælt því að við sem samfélag skyldum leggja aðaláhersluna í gildismati okkar á akademískum bókasöfnum á fjárhagslega arðsemi þeirra. Hann telur arðsemiskannanir í raun miskunnarlausar og á margan hátt heimskulega viðleitni til að mæla áhrif menntunar í ljósi fjárhagsáskoranna. Gildismatið ætti frekar að miðast við þann árangur sem bókasafnsþjónustan nær í að gera einstaklinga sjálfstæðari og öruggari bæði í námi og starfi.³⁹ Arðsemi af fjárfestingum í menntun ætti frekar að meta í mannauði heldur en til fjár. Þannig má því ímynda sér akademísk bókasöfn sem einskonar betrunarstöðvar.

3.3. Landsbókasöfn

Landsbókasöfn, einnig þekkt sem *þjóðarbókasöfn* (e. National library) gegna öðrum og breiðari tilgangi en þær tegundir bókasafna sem áður hafa verið nefndar. Hlutverk landsbókasafna er að uppfylla ákveðin markmið umfram þau sem önnur bókasöfn gera, ekki bara á landsvísu heldur einnig á heimsvísu. Fyrst og fremst er markmiðið söfnun og varðveisla efnis sem varðar þjóðarhag eða þykja hafa menningarsögulegt gildi fyrir viðkomandi þjóð. Það er æði margt sem fellur undir þá skilgreiningu og á hún ekki aðeins við um prentaðan texta heldur einnig hljóð- og myndefni. Í því samhengi er gjarnan notað hugtakið *þjóðarauðlind* og vísar það til allrar samanlagðar bókasafnseignar þjóðarinnar þ.e.a.s. heildarsafns alls tiltæks útgefins efnis hvers lands fyrir sig. Þannig hefur landsbókasafn þá skyldu að safna og varðveita bókmenntir þjóðar sinnar, innanlands sem og utan.⁴⁰ Landsbókasöfn eru því þau bókasöfn sem geta endurspeglad samfélag þjóðar sinnar og þróun þess í tímans rás.

³⁹ Chadwell, bls. 652.

⁴⁰ Peter Johan Lor og Elizabeth A.S. Sonnekus, „Guidelines for Legislation for National Library Services“ (UNESCO, 1997), <https://unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000109568>, bls. 13.

Við getum flokkað skyldur og störf landsbókasafna í þrjá megin flokka. Í fyrsta lagi er allt sem tengist menningararfi þjóðarinnar með beinum hætti. Í öðru lagi eru allt sem snýr að innra skipulagi safnsins sem og annarra safna, s.s. uppbygging og útlistun á landsgetu bókasafna landsins. Í þriðja lagi eru verkefni sem snúa að alhliða þjóðarþjónustu. Kynningu á menningararfi þjóðar eins og hann endurspeglast í safnkostinum má koma áleiðis með ýmsum leiðum t.d. með sýningum á safnkosti, tímaritagreinum, umfjöllun í útvarpi og sjónvarpi eða með annarri rafrænni miðlun. Slíkt felur ekki eingöngu í sér aukna vitundarvakningu þjóðar á eigin menningararfi heldur einnig aukið framboð á störfum.⁴¹

Sökum bæði markmiða og hlutverks síns, varðveita landsbókasöfn yfirleitt fjölmörg sjaldgæf, verðmæt og mikilvæg verk, bæði á sviði bókmennta og fræða, sem hafa menningarsögulegt gildi fyrir það þjóðfélag sem þau rekur. Það er því afar sjaldgæft að slík verk séu til útláns. Til þess eru verkin of verðmæt, jafnvel ómetanleg. Gestum og notendum er þó yfirleitt gert kleift að meðhöndla ýmis verk inni á safninu sjálfu og þá yfirleitt undir handleiðslu þeirra sérfræðinga sem þar starfa.⁴²

Bókfræðilegt hlutverk landsbókasafna felur í sér gerð skráa yfir útgáfur þjóðarinnar sem síðan eru gerðar aðgengilegar fyrir notendur. Samkvæmt áætlun *alþjóðasambands bókasafnssamtaka* (e. the international federation of library associations and institutions, IFLA) um *alhliða bókfræðieftirlit* (e. universal bibliographic control, UPC) er hvert land ábyrgt fyrir því að útbúa yfirlitsskrár yfir eigið útgefið efni og að dreifa þeim á alþjóðavettvangi, þá helst með stöðluðu sniði.⁴³ Meginreglan er að fólk eigi að geta fundið tiltekna texta og annað efni sem gefið hefur verið út hversu gamalt og gleymt sem það kann að vera. Skipti á efni milli safna innanlands sem og utan er einnig mikilvægt verkefni. Auk þess hjálpar slíkt fyrirkomulag söfnum að eiga við uppsafnað umframefni með endurdreifingu þess yfir á önnur bókasöfn. Þjónusta landsbókasafna felur einnig í sér varðveislu frumtexta sem síðan er hægt að nýta til áframhaldandi rannsókna. Slíkar rannsóknir leiða einnig til útgáfu nýrra verka og má segja að landsbókasöfn varðveiti ekki eingöngu útgáfuhluta menningararfs þjóðar heldur skapar það einnig nýjan. Landsbókasöfn, sem í eðli sínu eru einskonar yfirstofnanir bókasafna,

⁴¹ Lor og Sonnekus, bls. 15.

⁴² „Types of Libraries (Academic, Public, National & Special Library)“.

⁴³ Lor og Sonnekus, „Guidelines for Legislation for National Library Services“, bls. 13.

geta að auki dreift verkefnum sínum til annarra safna eftir þörfum en til þess þarf miðlæg stjórnun safnanna að vera í lagi. Það er sjaldgæft á heimsvísu að einstaka landsbókasöfn nái utan um að sinna öllum þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar.⁴⁴

3.4. Lög og leiðarvísir landsbókasafna

Árið 1997 gaf mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO út leiðarvísi til laga um þjónustu landsbókasafna. Þar segir að þrátt fyrir að landsbókasöfn megi finna í nánast öllum þjóðríkjum og hægt sé að greina þau sem sérstaka tegund bókasafna, séu þau mjög frábrugðin hvert öðru hvað varðar uppruna, hlutverk og stöðu í viðkomandi löndum. Sú staðreynd gerir það erfitt að ákvarða hvaða sameiginlegu þættir gera ákveðið bókasafn að landsbókasafni. Fram til ársins 1997 höfðu verið gerðar fjölmargar tilraunir til að skapa heildræna mynd af flokkum og starfsemi landsbókasafna en án árangurs. Ennfremur hafa ýmsar gagnrýnisraddir komið fram með efasemdir um hlutverk landsbókasafna í framtíðinni og spurninguna hvort lönd þurfi yfirleitt á þjóðarbókasafni að halda. Það er hins vegar ekki aðeins á hinu akademíska sviði sem tekist er á um eðli, tilgang og tilvist landsbókasafna heldur hafa því miður mörg ríki, sem þó vilja reka og halda til haga slíku safni, ekki færi á því sökum fjármagnsleysis, vankunnáttu eða ófriðarástands. Til að koma til móts við þessi vandamál var sú ákvörðun tekin af hálfu Sameinuðu Þjóðanna að setja saman leiðarvísinn svo hægt væri að bæta úr ástandinu.⁴⁵

Það eru helst fjögur álitamál sem leiðarvísir Sameinuðu þjóðanna um löggjöf landsbókasafna er ætlað að greiða úr. Það fyrsta er að skýra þurfi markmið og hlutverk landsbókasafns gagnvart því ríki sem það starfar í. Álitsgjafar Sameinuðu þjóðanna líta svo á að landsbókasafn sem stofnun sé of mikilvæg til þess að markmið þess og starf sé eingöngu háð stjórnsýslulegum ákvörðunum, heldur þurfi að binda störf og markmið landsbókasafns í lög. Með því öðlist bæði safnið og stjórnendur þess traustari grundvöll til að sinna starfi sínu. Stjórnendur landsbókasafns séu þannig orðnir ábyrgir gagnvart landslögum að safnið vinni að settum markmiðum. Á móti er löggjafarvaldið ábyrgt fyrir því að veita landsbókasafninu það fjármagn sem það þarf til að sinna lögbundnum störfum sínum. Með þessu er reynt að tryggja gagnkvæma ábyrgð allra sem koma að starfi og

⁴⁴ Lor og Sonnekus, bls. 14.

⁴⁵ Lor og Sonnekus, bls. 3.

rekstri landsbókasafna svo þau megi þjóna tilgangi sínum með betri árangri.⁴⁶

Annað álitamálið eru innbygðis tengsl landsbókasafnsins við önnur bókasöfn og stofnanir þjóðarinnar. Eigi landsbókasafn að vera leiðandi afl á sviði upplýsingaöflunar á landsvísu, sérstaklega gagnvart öðrum stofnunum og bókasöfnum, þarf það lögbundna viðurkenningu sem veitir því allar nauðsynlegar heimildir til að sinna lykilhlutverki sínu sem einskona yfirsafn. Þannig geti landsbókasafnið raunverulega haft bæði frumkvæði og yfirumsjón með samvinnu við aðrar stofnanir, samhæfingu upplýsingaáætlana, hvatt til stöðlunar í verkefnavinnu og síðast en ekki síst, sinnt innlendum og alþjóðlegum samskiptaverkefnum.⁴⁷

Þriðja álitamálið varðar sjálfstæði safnsins. Til þess að safnið geti starfað sem skildi verða stjórnendur og ábyrgðarfólk þess að hafa tilskylda hæfni á sviði bókasafnsfræði. Einnig getur safnið ekki starfað ef löggjafinn setur safninu of þröngar skorður. Hér þarf því að samþætta ábyrgð og sveiganleika auk þess að tryggja sjálfstæði safnsins í gegn um stjórnendur svo þeir geti ákveðið forgangsröðun í úthlutun á fjármagni safnsins og til að bregðast við breytingum sem eiga sér stað í umhverfi bókasafnsins á sviði menningarmála og fræða.⁴⁸

Hið fjórða er sú staðreynd að engin löggjöf getur bætt upp fyrir skort á pólitískum vilja einstaka ríkisstjórna til að styðja og styrkja landsbókasafn þjóðar sinnar á fullnægjandi hátt. Slík staða getur skapast af ótal orsökum eins og áður hefur verið nefnt. Utanaðkomandi aðstæður ríkja geta hér einnig haft þau áhrif að ríkisstjórn sem annars hefur sterkan pólitískan vilja til að gera vel í menningarmálum er knúin til þess að beina fjármagni annað sökum meira aðkallandi verkefna líkt og fæðuöryggi almennings eða stríðsátök af ýmsu tagi. Þegar öllu er á botninn hvolft virðist traustur lagarammi í kringum starf landsbókasafna, sem tryggir skuldbindingu löggjafans við safnið, vera forsenda þess að stofnun á borð við landsbókasafn geti byrjað að sinna hlutverki sínu á áreiðanlegan hátt.⁴⁹

⁴⁶ Lor og Sonnekus, bls. 3.

⁴⁷ Lor og Sonnekus, bls. 3-4.

⁴⁸ Lor og Sonnekus, bls. 4.

⁴⁹ Lor og Sonnekus, bls. 4.

3.5. Markmið og umframhlutverk landsbókasafna í verki

Sökum tæknibyltingar internetsins er hægðarleikur að kynna sér landsbókasöfn flestra sjálfstæðra ríkja í heiminum í dag. Hvert sem litið er má finna þann rauða þráð sem sameinar öll þessi söfn, enda móta flest ríki stefnu landsbókasafna með hliðsjón af leiðarvísi Sameinuðu þjóðanna. Þannig er yfirleitt ekki mikill munur á stefnu og yfirlýstu marmiði þeirra. Það á við hvort sem litið er á landsbókasafn Úganda, Þýskalands eða Japans. Þessi þrjú söfn eru lýsandi dæmi um umframvirkni og margbreytileika landsbókasafna og skulum við því skoða þau nánar.⁵⁰ Á vef *wikipedia.org* sem tileinkaður er landsbókasöfnum er t.a.m. listi yfir rúmlega 225 starfandi landsbókasöfn í heiminum í dag svo þessi þrjú söfn sem hér eru til skoðunar eru ekki nema brot af þeirri flóru landsbókasafna sem til er.

Stefna hins *japanska landsbókasafns* (e. National Diet Library, j. 国立国会図書館) er hins vegar áhugaverð þar sem hún sker sig nokkuð úr í samanburði við hin söfnin sem nefnd voru hér að ofan. Þar er sérstaklega tekið fram að eitt af megin markmiðum safnsins sé að stuðla að lýðræði og áframhaldandi þróun þess. Þetta er skýrt dæmi um hvernig saga þjóðar hefur áhrif á birtingarmynd stefnunnar sem landsbókasafn getur tekið. Í kjölfar ósigurs japanska keisaraveldisins í síðari heimstyrjöld stóð japanskt samfélag á krossgötum um hvernig móta skildi framtíðarstefnu þjóðarinnar. Með því að horfast í augu við óhugnað stríðsins, bæði heima fyrir og utanlands, krafðist japanskt samfélag breyttrar stefnu til að forðast endurtekningu á harmleik styrjaldarinnar. Japanska ríkið tók því upp harða stefnu í átt til lýðræðisvæðingar og hlutleysis í hernaðarmálum. Þátttaka landsbókasafnsins í því verkefni varð því órjúfanlegur hluti af starfi safnsins, eins og formáli laga um starf safnsins ber vitni um:

„Landsbókasafn Japans er hér með stofnað sem rökrétt niðurstaða af þeirri staðföstu sannfæringu okkar að sannleikurinn geri okkur frjáls og hefur safnið það að markmiði að stuðla að alþjóðlegum friði og lýðræðisvæðingu Japans eins og lofað er í stjórnarskrá okkar.“⁵¹

Saga þýska landsbókasafnsins er einnig áhugaverð þar sem hún er lýsandi fyrir endurspeglun safns á sögu lands og þjóðar. Í kjölfar ósigurs nasista í lok seinni

⁵⁰ Vefslóðir á heimasíður landsbókasafna þeirra þjóða sem minnst er á í texta að ofan: Japan - <https://www.ndl.go.jp/>, Úganda - <https://nlu.go.ug/>, Þýskaland - <https://www.dnb.de/>.

⁵¹ „National Diet Library Law“, National Diet Library, 9. febrúar 1948, <https://www.ndl.go.jp/en/aboutus/laws.html>. Þýð: Ólafur Jóhann Sigurðsson.

heimstýrjaldarinnar var Þýskalandi skipt upp í tvö aðskilin ríki þ.e. Austur og Vestur Þýskaland. Þess vegna er landsbókasafnið ennþá staðsett á tveimur stöðum, annars vegar í Leipzig í fyrrum austurhluta þar sem fyrirrennari landsbókasafnsins *Þýska-bókasafnið* (þ. Deutsche Bücherei) var stofnað árið 1912 og hins vegar í Frankfurt am Maine í vesturhlutanum þar sem seinna *Þýska-bókasafnið* (þ. Deutsche Bibliothek) var stofnað 1946. Eftir fall Berlínarmúrsins árið 1990 og í kjölfar sameiningar Austur og Vestur Þýskalands var *Þýska Landsbókasafnið* (þ. Deutschen Nationalbibliografie) stofnað árið 1991.⁵² Pólítísk saga og í raun harmleikur Þýskalands á 20. öldinni hefur sett strik í reikninginn í starfi landsbókasafnsins sem og öðrum stofnunum landsins. Þó að ekki komi fram jafn sterkt markmið til lýðræðisvæðingar í stefnu þýska landsbókasafnsins eins og því japanska þá er þar hins vegar gerð tilraun til að gera upp og horfast í augu við ófögnuð stríðsáranna. Því er einn af hornsteinum safnsins, sem bundinn er í lög, að starfrækja *Þýska útlagasafnið 1933 - 1945* (þ. Deutsches Exilarchiv 1933 – 1945) auk Önnu Frank Shoah bókasafnsins.⁵³ Í Þýska útlagasafninu er sögum þeirra sem neyddust til að flýja ógnarstjórn nasista gerð skil óháð stöðu og frama þeirra einstaklinga. Það er gert til þess að ná heildrænni mynd af harmleik árána sem nasistar réðu ríkjum í Þýskalandi. Landsbókasafnið stendur einnig fyrir víðtækum *upprunarannsóknum* (þ. Provenienzforschung) sem hafa það að markmiði að greina uppruna þeirra gripa sem fundist hafa í herfangi nasista og því sem þeir gerðu upptækt eða stálu af fólki af pólítískum, trúarlegum og hugmyndafræðilegum ástæðum eða með kynþátta ofsóknum og koma þeim til réttmætra eiganda eftir fremstu getu.⁵⁴

Eins og sjá má á þýsku og japönsku landsbókasöfnunum geta slíkar stofnanir unnið að markmiðum langt umfram sitt eiginlega hlutverk samkvæmt leiðarvísi Sameinuðu þjóðanna. Með því að varðveita og birta söguna milliliðalaust vinna söfnin markvisst að því að leiðrétta eða bæta fyrir misgjörðir forfeðra sinna eins og mögulegt er. Þannig geta stofnanir á borð við landsbókasöfn stuðlað að menningarlegum bata heillrar þjóðar. Úgandíska landsbókasafnið, *Þjóðarbókasafn Úganda* (e. National Library of Uganda) er hins vegar áhugavert fyrir þær sakir að það er, líkt og samsvarandi stofnanir

⁵² „Geschichte“, Deutsche National Bibliothek, Júl 2021, https://www.dnb.de/EN/Ueberuns/Geschichte/geschichte_node.

⁵³ „Gesetz über die Deutsche Nationalbibliothek (DNBG) § 2 Aufgaben, Befugnisse“, Bundesministerium der Justiz, Jún 2006, <http://www.gesetze-im-internet.de/dnbg/>.

⁵⁴ „Provenienzforschung“, Deutsche National Bibliothek, Jún 2021, https://www.dnb.de/EN/Ueberuns/Geschichte/geschichte_node.

annarra þróunarríkja, í stöðugri vinnu við að verja og reisa bókmenntahefð og menningu þjóðar sinnar upp úr gleymsku nýlenduáranna. Úganda, eins og flest sjálfstæð ríki Afríku, var áður undir erlendri stjórn nýlenduherra. Víðast í álfunni höfðu nýlenduherrarnir í fæstum tilfellum mikinn áhuga á því að efla menningu þeirra þjóða sem þeir drottnuðu yfir heldur stunduðu oft en ekki að innleiða sína eigin menningu. Stofnanir á borð við Þjóðarbókasafnið í Úganda hefur því að mörgu leiti orðið að hefja starf sitt alveg frá grunni. Verkefni safnsins í dag endurspeglar þennan raunveruleika. Þar má nefna verkefni sem hafa það markmið að efla lestrarkunnáttu almennings.⁵⁵ Einnig má nefna verkefni sem auka tölvufærni til að minnka þá þekkingargjá sem hefur skapast á milli efnaðari og fátækari íbúa landsins.⁵⁶ Að lokum stendur safnið einnig fyrir verkefnum sem eiga að efla menningarsköpun á upprunalegum móðurmálum íbúa landsins í gegn um barnabækur með aðstoð frá *KOICA* (e. Korean International Cooperation Agency).⁵⁷

Úgandíska Þjóðarbókasafnið sem stofnun er því mikilvægt verkfæri í höndum úgandísku þjóðarinnar í viðleitni hennar til þess að viðhalda sér og þróast sem sjálfstæð þjóð með ákveðna og skýra þjóðernisvitund. Megineinkenni og forsenda þess að þjóð viðhaldi sér og þróist er að hún eigi sér einhvern sameiginlegan menningararf og að fólkið sem tilheyrir þjóðinni deili með sér áþekkri þjóðernisvitund. Segja má að menningararfurinn og þjóðernisvitundin séu tvær hliðar sama penings þar sem bæði styðja við hvort annað og áhrif þeirra blæða milli hvorra tveggja. Uppgvötun á gleymdum menningararfi hefur þannig mótandi áhrif á þjóðernisvitund þjóðarinnar sem aftur á móti hefur áhrif á sköpun nýrrar menningar sem verður að lokum að sameiginlegum menningararfi þjóðar. Þjóðernisvitund þjóðar myndast þó ekki eingöngu út frá sameiginlegum menningararfi heldur spila þar aðrir þættir inn í eins og efnahagslegar aðstæður og/eða landfræðileg lega þess ríkis sem þjóðin hefur yfir að ráða.⁵⁸ Starf Þjóðarbókasafnsins í Úganda felst einmitt í þessari skilgreiningu. Hlutverk landsbókasafna getur m.a. verið að viðhalda þjóðernisvitund samfélags svo það geti skilgreint sig sem sjálfstæð og aðgreind þjóð meðal þjóða.

⁵⁵ „Inspiring Readers“, Nation Library of Uganda, 2022, <https://nlu.go.ug/inspiring-readers>.

⁵⁶ „Close the Digital Divide Project“, Nation Library of Uganda, 2022, <https://nlu.go.ug/inspiring-readers>.

⁵⁷ „KOICA Project“, Nation Library of Uganda, 2022, <https://nlu.go.ug/inspiring-readers>.

⁵⁸ Lyudmila Morozova o.fl., „Formation of National Culture and National Consciousness in the Postmodern Society“, *Postmodern Openings* 12, tbl. 1Sup1 (10. júní 2021): 257–70, <https://doi.org/10.18662/po/12.1Sup1/283>, bls. 246.

4. Þjóðarbókhlaðan – Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn

4.1 Saga tveggja safna

Á Íslandi deilir Landsbókasafn Íslands húsnaði með háskólabókasafni Háskóla Íslands. Byggingin sem nú hýsir þessi tvö söfn heitir Þjóðarbókhlaðan og var tekin í notkun árið 1994. Bæði landsbókasafnið og háskólabókasafnið eiga sér þó lengri sögu. Saga Landsbókasafns Íslands hófst með danska fornfræðingnum Carl Christian Rafn sem hafði frumkvæði að því að hér á landi yrði komið upp þjóðbókasafni árið 1818. Safnið fékk nafnið *Stiftsbókasafnið* og voru fyrstu húsakynni þess á lofti dómkirkjunar í Reykjavík þrátt fyrir að það væri ekki ýkja stórt sé miðað við dómkirkjur erlendis.⁵⁹ Erfitt hefur reynst að rekja sögu safnsins þegar það var til húsa á háalofti dómkirjunnar en stiftamtmaðurinn Peder Fieldsted Hoppe sem þá gegndi embætti lagði rækt við safnið af fremsta megni og samdi t.d. *Registr yfir Íslands Stiftsbókasafn* sem gefið var út í Kaupmannahöfn 1828.⁶⁰ Þegar Alþingishúsið við Austurvöll var reist árið 1881 fékk bókasafnið aðstöðu þar og hlaut jafnframt nafnbótina Landsbókasafn Íslands. Safnkosturinn jókst jafnt og þétt á þessum árum sérstaklega eftir að íslenskar prentsmiðjur voru skyldaðar til þess að afhenda safninu eintak af öllu prentuðu efni frá árinu 1886. Um aldamótin 1900 eignaðist safnið síðan handritasafn Hins íslenska bókmenntafélags auk þess að loksins var skipaður bókavörður yfir safninu í fullt starf.⁶¹ Árið 1909 flutti safnið eina ferðina enn yfir í nýbyggt hús við Hverfisgötu. Húsið hlaut nafnið Safnahús og þótti eitt það glæsilegasta á landinu. Þar átti Landsbókasafnið eftir að una sér vel í 85 ár þangað til það flutti aftur í þá nýbyggt hús Þjóðarbóklöðunar við Arngrímsgötu í Vesturbæ Reykjavíkur árið 1994.⁶²

Forsaga Háskólabókasafnsins teygir sig allt aftur til ársins 1847 þegar Prestaskólinn í Reykjavík var stofnaður í kjölfar þess að Bessastaðaskóli var lagður niður. Formlega var háskólabókasafnið þó ekki stofnað fyrr en árið 1940 þrátt fyrir að skólinn

⁵⁹ Finnboði Guðmundsson, „Landsbókasafn Íslands 1818-1994“, í *Sál Aldanna: Íslensk bókasöfn í fortíð og nútíð*, ritstj. Guðrún Pálsdóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 1997), 81–97, bls 81-83.

⁶⁰ Finnboði Guðmundsson, bls. 83.

⁶¹ Finnboði Guðmundsson, bls. 84-85.

⁶² „Saga“, Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn, 2022, <https://landsbokasafn.is/index.php?page=saga>.

sjálfur hafi verið stofnaður 29 árum fyrir árið 1911. Þetta var sökum þess að aðalbygging háskólans var ekki tekin í gagnid fyrir en árið 1940. Þá voru bókasöfn háskóladeildanna sameinuð í eitt heildarsafn og fékk hluta af bakálmú hússins til afnota. Safnid stækkaði með tímanum og var að lokum búid að leggja undir sig kjallara aðalbyggingarinnar. Húsakosturinn var hins vegar æði þröngur enda hafði safnkosturinn aukist svo mjög að hann taldi yfir um 345 þúsund bindi. Eins og Áslaug Agnarsdóttir fyrverandi starfsmaður og sviðsstjóri Háskólabókasafnsins nefnir var húsakostur háskólasafnsins orðin svo þröngur að t.d. öll tímarit í sagnfræði voru geymd inn á kaffistofu starfsmanna og hafði hluta af öðrum safnkosti verið komid fyrir í fatahengi safnsins. Það var því beðið með óþreyju eftir því að nýja safnid yrði opnað. Flutningur safnsins yfir í Þjóðarbókhöðuna var því kærkominn.⁶³

4.2. Erfid fæðing sameiningar

Jóhannes Nordal stjórnarformaður Landsbókasafns Íslands árið 1994 sagði í ávarpi til landsmanna að með opnun og sameiningu safnanna hefði stærsti áfangi í safnamálum Íslendinga átt sér stað síðan Safnahúsið var reist við Hverfisgötu. Hið tvíþætta hlutverk safnsins sem varðveislustaðar menningararfsins og tæknivæddrar upplýsingamiðstöðvar skapaði safninu sérstaka ábyrgð um að vera virkur tengiliður á milli ritmenningar horfinna kynslóða og alþjóðasamstarfs safna í nútímanum.⁶⁴ Meginsjónarmiðið að baki sameiningunni var því ætid að koma á fót stóru og öfluglu bókasafni með góðri vinnuástöðu fyrir bæði almenning og nemendur Háskóla Íslands.

Tilurð þess að bókasöfnin voru sameinuð í eitt átti sér hins vegar langa og erfiða sögu. Sameiningarferlið hófst árið 1956 með skipun nefndar sem hafði það markmið að undirbúa sameininguna. Það gekk hins vegar erfiðlega að hefjast handa við framkæmdir. Ein helsta ástæða þess var að ekki hafði enn verið gert útboð um samkeppni á hönnun byggingarinnar. Arkitektafélag Íslands setti fram harða gagnrýni á það ferli sem ríkisstjórnin og byggingarnefnd Þjóðarbókhöðunar höfðu staðið fyrir. Svo varð úr að félagið boðaði til fundar í Norræna húsinu síðla árs 1972 og ef marka má fundarskýrslu fundarins var þar fólki afar heitt í hamsi. Arkitektafélagið vildi að efnt yrði til samkeppni

⁶³ Ólafur Jóhann Sigurðsson, *Þjóðarbókhlaðan*, Documentary (Háskóli Íslands, 2022), viðtal við Áslaugu Agnarsdóttur.

⁶⁴ Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn, *Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn: fyrstu fimm árin : 1. desember 1994-1. desember 1999*. (Reykjavík: Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn, 1999), bls. 5.

um hönnun byggingarinnar en við því vildi nefndin ekki verða enda höfðu þeir þá þegar ráðið arkitekt á vegum húsameistara ríkisins. Enginn fulltrúi frá byggingarnefndinni sá sér fært að mæta en sendu þess í stað fundarfólki skilaboð sem lesin voru upp á fundinum. Þar kom fram að nefndin liti svo á að hvorki hún né aðrir aðilar sem unnið hefðu að undirbúningi byggingar Þjóðarbókhlöðunnar þyrftu að taka nokkurt mið af tillögum stjórnar arkitektafélagsins í þessum efnum. Byggingarnefndin hafði lagt fram áætlun um lokaundirbúning byggingarframkvæmda í bréfi til menntamálaráðuneytisins 2. október 1971 og féllst ráðuneytið á þá áætlun. Magnús Torfi Ólafsson þáverandi menntamálaráðherra sá einnig ekki ástæðu til aðkomu arkitektarfélagins að undirbúningi byggingarframkvæmdanna. Jón Haraldsson arkitekt, einn ræðumanna fundarins, vék í ræðu sinni föstum orðum að Finnboga Guðmundssyni landsbókaverði. Þar gaf hann lítið fyrir svör Finnboga við því hvers vegna ekki hafi verið efnt til samkeppni um hönnun byggingarinnar. Átti Finnbogi að hafa rökstutt ákvörðunina með því að framkvæmdin væri eðli síns vegna svo sérstök og sérhæfð að ekki væri hyggilegt að efna til útboðs á hönnunni. Taldi Jón þetta furðulega nálgun þar sem það væri einmitt eðlilegast að keppt væri um hönnun á sérstökum og sérhæfðum byggingum. Hann taldi líka ekki mikinn sóma af því að nefndarmenn skyldu skýla sér á bak við álit sérfræðinga á vegum Sameinuðu þjóðanna sem hefðu að hans mati verið blásaklausir af þeirri ákvörðun sem nefndin á endanum tók.

Á fundinum var einnig tekist á um staðsetningu byggingarinnar. Gagnrýnin beindist m.a. að deildum háskólans sem höfðu ekki lagt mikið fram um málið til þessa. Fundarmenn voru hins vegar sammála um að deildirnar yrðu að láta að sér kveða um málið því það væri algerlega út í bláinn að fara skipuleggja staðsetningu nýja safnsins á háskólasvæðinu miðað við þarfir sem ekki voru enn kunnar. Þess vegna gætu deildirnar ekki komið sér undan að taka þátt í þeirri umræðu sem þurfti til að sátt næðist um málið.⁶⁵ Þessi mál voru þó að lokum leidd til lykta og fór svo að framkvæmdir hófust við byggingu Þjóðarbókhlöðunnar árið 1978 rúmum tveimur áratugum eftir að ferlið hófst.

Byggingarframkvæmdirnar sjálfar tóku síðan sinn tíma en húsnæðið var ekki formlega tekið í notkun fyrr en árið 1994 rúmum 16 árum síðar. Finnbogi Guðmundsson, landsbókavörður og formaður byggingarnefndar þegar húsið var tekið í notkun, rakti í

⁶⁵ Sigurður Línal og Guðrún Jónsdóttir, ritstj., „Umræður um hlutverk Þjóðarbókhlöðu“ (Arkitektafélag Íslands, 1972).

skýrslu sinni að endanlegt verk hafi að lokum orðið allt annað og meira en upphaflega stóð til. Byggingin bæði stækkaði og ákveðið var að byggja kjallara undir allt húsið en ekki aðeins helminginn eins og fyrst hafi verið gert ráð fyrir. Forhýsi var síðan einnig byggt yfir innganginn að sunnanverðu sökum þess hve vindasamir Melarnir þóttu. Önnur ástæða þess hve illa gekk með byggingarframkvæmdirnar var að fólk átti erfitt með að sjá fyrir hverjar þarfir safnsins yrðu í framtíðinni. Tölvutækniþyngingin varð t.a.m. að veruleika meðan á byggingu safnsins stóð svo að allt í einu varð að taka mið af því. Að lokum má nefna að smíði innréttinganna komst á endanum í hendur íslenskra aðila. Finnbogi vildi meina að það hafi að einhverju leiti vegið upp á móti þeirri óhagkvæmni og óhagræði sem lengd framkvæmdatímans olli.⁶⁶ Framkvæmdirnar þóttu þó ganga vel síðustu þrjú til fjögur árin áður en opnað var. Að koma sýningaraðstöðu og búnaði í endanlegt horf dróst hins vegar á langinn og komst ekki í gagnið fyrr en vorið 1999. Þar með var eiginlegum byggingarframkvæmdum lokið. Byggingin hefur síðan að hún opnaði reynst að flestra mati afar vel og fengið lof dómbærra aðila, innlendra sem erlendra.⁶⁷ Sama ár og nýja safnið opnaði lét Finnbogi af embætti landsbókavardar og við tók Nanna Bjarnadóttir. Hún varð fyrsta konan til að gegna því embætti. Stofnunin fékk því ekki einungis nýtt húsnæði heldur tók nýr landsbókavörður við til að takast á við nýja og breytta tíma.⁶⁸

Margþætt hlutverk nýja safnsins hafði í för með sér að fyrirfram var vitað að samrekstur beggja safnanna yrði flókið verkefni. Með sameiningunni varð að samþætta mismunandi þarfir safnanna. Háskólinn krafðist t.d. mun lengri opnunartíma en venjan var á gamla Landsbókasafninu. Til þess að skilgreina og árétta hin fjölpættu tengsl milli bókasafns og skóla gerðu stofnanirnar með sér samkomulag um samvinnu vegna fjármála og þjónustu sem var undirritað 8. júlí 1997. Þar er gerð grein fyrir þeim gagnkvæmu skyldum sem söfnin þurfa að sinna.⁶⁹ Sá samningur hefur síðan verið endurnýjaður nú síðast í mars 2022. Grundvöllur samningsins eru lög um Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn nr. 142/2011 og síðan lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla auk reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Í þessum samningi er t.a.m. sett fram hvernig stofnanirnar komi til með að vinna saman að gagnakaupum, akademískum málefnum sem

⁶⁶ Finnbogi Guðmundsson, „Landsbókasafn Íslands 1818-1994“, bls. 94-97.

⁶⁷ Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn, bls. 7.

⁶⁸ Finnbogi Guðmundsson, „Landsbókasafn Íslands 1818-1994“, bls. 95.

⁶⁹ Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn, bls. 11.

varða kynningu á starfi safnsins fyrir bæði nemendum og kennurum háskólans auk afgreiðslutíma safnsins og starfsmannamálum svo fátt eitt sé nefnt.⁷⁰

4.3. Starfsemi safnanna

Í fyrstu grein laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn frá 2011 er safnið skilgreint sem þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Einnig er það rannsóknarbókasafn og þekkingarveita fyrir alla landsmenn. Safnið sinnir virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs auk lista- og menningarmála. Safnið er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir ráðherra.⁷¹ Að fylgja lögnum krefst þess að staða safnsins sé endurmetin reglulega því tímarnir breytast og þarfir bæði fólks og safns breytast í takt við það. Í skýrslu um stefnumótun safnsins frá 1999 fimm árum eftir formlega opnun þess kemur fram mat á styrkleika safnsins. Hann felst helst í góðri aðstöðu til vinnu og náms og almennt góðrar þjónustu við nemendur. Veikleikar safnsins séu hins vegar helst fólgnir í rýrum erlendum bókakosti og ófullnægjandi varðveislu safnkostsins hvað viðkemur bókbindingu og viðgerðum. Einnig gangi endurnýjun á tölvubúnaði hægt.⁷²

Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og tækjabúnaður safnsins hefur t.a.m. snarbatnað á þeim 28 árum sem söfnin hafa verið til húsa í Þjóðarabókhöðunni. Það er í sjálfu sér eilíft framtíðarverkefni að efla bókasafnið á öllum sviðum hvort sem um ræðir erlendan safnkost, aðstöðu nemanda eða skyldur safnsins sem rannsóknarbókasafns.⁷³ Árið 2004 var svo komið að fjöldi bóka, handrita og annarra gagna taldi yfir eina milljón og var safnið þar með orðið langstærsta rannsóknarbókasafn á Íslandi. Framtíðarsýn fólks þá var að efla þyrfti safnið á öllum sviðum svo það gæti verið sá hornsteinn þekkingar í íslensku samfélagi sem því ber skylda til að vera.⁷⁴ Árið 2013 hófst ný stefnumótunarvinna. Tilgangurinn var enn og aftur að búa til nýjan vegvísi sem myndi

⁷⁰ „Samstarfs- og þjónustu samningur Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns“, mars 2022, chrome-extension://efaidnbmnnnibpcajpcglclefindmkaj/https://landsbokasafn.is/uploads/Samningar/Samstarfssamningur.pdf.

⁷¹ „Lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn nr. 142“ (2011), <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011142.html>.

⁷² Einar Sigurðsson, *Stefnumótun Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns* (Reykjavík: Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn, 1999), bls. 6.

⁷³ Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn, bls. 8.

⁷⁴ Kristín Helga Gunnarsdóttir o.fl., *The National and University Library of Iceland: a knowledge centre in the North* (Place of publication not identified: National and University Library of Iceland, 2004), bls. 3.

nýtast starfsfólki við að þróa starfsemi safnsins til næstu ára. Sett voru fram 61 stefnumál til næstu ára og skiptust þau í átta málaflokka. Mörg verkefnanna voru og eru þverfagleg og krefjast því náins samstarfs milli ólíkra starfsgreina.⁷⁵ Nýlundan hér er áherslan á að safnið gegni forystuhlutverki í framtíðarsýn er varðar þróun og nýsköpun á varðveislu stafræns efnis og styrki þannig enn frekar stöðu sína sem miðstöð þekkingarmiðlunar með nýtingu á nýjungum í upplýsingatækni.⁷⁶ Safnið þurfi því að hafa markvissari og hagkvæmari umsjón með vefjum safnsins. Eins vilji safnið opna eins mikið og kostur er fyrir aðgengi innanhúss að stafrænu efni í höfundarrétti. Söfnun efnis inn á valda íslenska vefi verði enn fremur að vera örari og bæta þar með þjónustuna á vefsafn.is. Stóraukin stafræn geymsluþörf sé því fyrirsjáanleg auk þess sem rekstur á tækjabúnaði og upplýsingakerfum verði að vera öruggari. Það á ekki aðeins við um viðhald á búnaði heldur einnig öryggi kerfisins þar sem netárásir og aðrir vágestir internetsins séu orðnir bæði tíðari og skæðari.⁷⁷ Önnur verkefni sem nefna má eru að fylgast þarf með höfundarréttar- og persónuverndarmálum á stafrænu efni, auka kynningu á þjónustu safnsins meðal útgefenda, endurskoða erlent samstarf og að tölfræði yfir bókasöfn verði komið í viðunandi horf.⁷⁸ Eins og sjá má á þessari upptalningu er það ekki ofsagt að starf og stefnumótun Þjóðarbókhöðunnar sé lifandi verkefni sem sífellt sé endurmetið og mótað eftir þörfum samtímans.

Starfsemi safnsins einskorðast þó ekki eingöngu við það sem hér hefur verið talið upp að ofan. Þannig sér safnið einnig um úthlutun á *alþjóðlegu bókanúmeri* (e. international standard book number, ISBN) fyrir útgefnar bækur á Íslandi. ISBN númer er einskonar kennitala bókar sem gerir fólki auðveldara að finna og flokka útgefnar bækur.⁷⁹ Það var ákveðið árið 1989 að ISBN-kerfið yrði tekið upp og haldið gangandi innan Þjóðdeildar Landsbókasafns Íslands. Félag íslenskra bókaútgefanda hafði þegar árið 1979 mælt með því að safnið beitti sér fyrir því að kerfið yrði tekið í gagnið en það dróst. Tölumerking rita eftir kerfinu hófst fyrir alvöru árið 1990. Skrifstofa safnsins sér nú einnig um tímaritanúmerin ISSN sem er sambærilegt númerakerfi ISBN nema fyrir

⁷⁵ Ingibjörg Steinunn Sverrirsdóttir, *Þekkingarveita í allra þágu: Stefna Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns 2013 - 2017* (Reykjavík: Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn, 2013), bls. 3.

⁷⁶ Sverrirsdóttir, bls. 5.

⁷⁷ Sverrirsdóttir, bls. 8.

⁷⁸ Sverrirsdóttir, bls. 9.

⁷⁹ Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn, bls. 19.

tímarit.⁸⁰ Einnig kappkostar safnið að verða við réttmætum kröfum landsmanna um aðstoð við fræðslu og sýningar á þeim menningararfi sem safnið hefur yfir að ráða. Þannig er litið á það sem sjálfsagðan þátt í starfi safnsins að efna til sýninga enda nýtur safnið styrkja til þess.⁸¹ Undir hatt safnsins falla t.a.m. önnur sérhæfðari söfn eins og Kvennasögusafn Íslands sem stofnað var árið 1975 á heimili Önnu Sigurðardóttur. Það hefur starfað sem sérstök eining innan Landsbókasafns Íslands frá árinu 1996.⁸² Með tilkomu samfélagsmiðla á síðustu árum hefur einnig skapast nýr vettvangur til þess að kynna safnið fyrir þjóðinni. Þar með þarf aukna og samræmda stefnu í notkun á samfélagsmiðlum í þágu safnsins. Að sama skapi hefur samstarf við Ríkisútvarpið verið elft og samningar gerðir við Kvikmyndasafn Íslands um miðlun á því efni sem þar er að finna.⁸³

Ein önnur nýlunda sem vert er að nefna er að núverandi landsbókavörður Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir lét, eftir að hún tók við embætti, afnema aldurstakmark að safninu. Sú breyting var samþykkt af framkvæmdaráði safnsins 2018.⁸⁴ Fyrir þann tíma blasti við skilti við innganginn með þeim skilaboðum að einstaklingum yngri en 18 ára væri óheimilt að nýta sér aðstöðu safnsins. Afnám þessarar reglu var liður í að gera safnið raunverulega að opnum vettvangi allra sem vilja fræðast sbr. þá stefnu að safnið sé stofnun fyrir alla. Eins og Ingibjörg sjálf nefnir þá eru allir velkomnir á safnið svo lengi sem fólk fer eftir þeim einföldu reglum sem gilda á safninu.⁸⁵

Útfrá umfölluninni um úgandíska landsbókasafnið í 2. kafla þar sem rakin voru áhrif starfsemi landsbókasafna á þróun og eflingu þjóðvitundar má segja að Landsbókasafn Íslands þjóni svipuðum tilgangi í íslensku samfélagi. Sökum þess hve almenn sú hugmynd er í íslensku samfélagi að þjóðin sé bæði bóka- og menningarþjóð með langa og áhugaverða sögu er ekki fjarstæðukennt að segja að landsbókasafnið sé hornsteinn í viðhaldi þeirrar hugmyndar. Uppruni safnsins og viðhald er þannig nátengt sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar á 19. og 20. öld þar sem ein af meginröksemdarfærslum fyrir sjálfstæði þjóðarinnar var að hún ætti sérstakan og aðskilinn menningararf sem

⁸⁰ Finnboogi Guðmundsson, „Landsbókasafn Íslands 1818-1994“, bls. 91.

⁸¹ Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn, bls. 9.

⁸² Kristín Helga Gunnarsdóttir o.fl, bls. 12.

⁸³ Sverrisdóttir, bls. 12.

⁸⁴ „Húsreglur“, Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn, október 2018, <https://landsbokasafn.is/index.php?page=husreglur>.

⁸⁵ Ólafur Jóhann Sigurðsson, *Þjóðarbókhladan*, viðtal við Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur.

þjóðin hafði burði til að rækja og varðveita.⁸⁶ Eins var það álit manna á öndverðri 20. öld að það gæti ekki staðist kröfu landsmanna um að vera siðmenntuð þjóð að samfélagið tæki ekki virkan þátt í því að varðveita menningararfinn á viðeigandi hátt. Stolt þjóðarinnar og virðing var einfaldlega hér að veði.⁸⁷

4.4. Rafvæðing og stafræn bylting

Stefna íslenskra stjórnvalda frá árinu 1996 á sviði upplýsingatækni er að Ísland skuli vera í fararbroddi meðal þjóða heims og bæta þar með mannlega tilveru því að í tækninni búi tækifæri til aukinnar velmegunnar á þeirri upplýsingaöld sem nú er gengin í garð.⁸⁸ Það rýmar vel við þá þróun sem víðsvegar sést en það er að bókasöfn séu í síauknum mæli að verða einskonar *blendingssöfn* (e. hybrid libraries). Í þeim sameinast fortíðin í formi hins prentaða safnkosts nútímanum í formi upplýsingatækni. Með tímanum mun sú þróun sem á sér stað á sviði upplýsingatækni líklega færa áherslur safnanna nær og nær þeim rafrænu auðlindum sem nútíma tækni hefur í för með sér.⁸⁹

Áhersla bókasafna er af þeim sökum að færast meira frá safnkostinum yfir á notandann. Það kallar eðlilega á breyttar áherslur í skipulagi og starfi safnanna.⁹⁰ Einmitt sú þróun hefur valdið því að hlutur rafrænnar miðlunar í starfi Þjóðarþéttunna hefur vaxið ár frá ári og heldur safnið nú úti mörgum vefjum þar sem safnkostinum er miðlað með einum eða öðrum hætti.⁹¹ Jafnframt því hefur komið fram sú krafa að starfsfólk bókasafna miðli og efli upplýsingalæsi bæði notenda og nemenda en það felur í sér að efla hjá þeim þá færni sem þarf til að finna, meta og nota upplýsingar á viðeigandi hátt.⁹² Markmiðið með hinni stafrænu byltingu er ekki eingöngu að fleiri notendur hafi aðgang að efni safnsins heldur einnig, eins og Sigurbjörg Long fagstjóri upplýsingaþjónustu og miðlunar við safnið nefnir, að uppfylla varðveisluskyldu safnsins t.d. með vefnum *handrit.is* þar sem notendur geta nálgast mjög gömul handrit án þess að beinlínis snerta

⁸⁶ Jesus Lau, Anna Maria Tammaro, og T. J. D. Bothma, ritstj., *Libraries driving access to knowledge*, IFLA publications 151 (Berlin ; Boston: De Gruyter Saur, 2012), bls. 40.

⁸⁷ Ólafur Rastrick, *Háborgin: menning, fagurfræði og pólitík í upphafi tuttugustu aldar* (Reykjavík : Reykjavík: Háskólaútgáfan ; Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2013), bls. 144-149.

⁸⁸ Jesus Lau, Anna Maria Tammaro, og T. J. D. Bothma, ritstj., *Libraries driving access to knowledge*, IFLA publications 151 (Berlin ; Boston: De Gruyter Saur, 2012), bls. 37.

⁸⁹ Marcin Walczak, „Library 3.0—where are we heading? Directions of libraries development in the 21st century“, e.d., 2, bls. 4.

⁹⁰ Cox, bls. 227.

⁹¹ „Saga“.

⁹² Cox, bls. 229.

þau eða meðhöndla sem leiðir til betri varðveislu á þeim.⁹³

Raf- og stafræn bylting á starfi bókasafnsins hófst reyndar áður en að bygging Þjóðarbókhöðunnar var lokið. Árið 1990 var keypt rafrænt bókasafnskerfi fyrir bæði lands- og háskólabókasafnið. Það var síðan formlega tekið í notkun í desember 1991 undir heitinu *Gegnir* en heitir í dag *leitir.is*. Kerfið nýttist ekki eingöngu notendum lands- og háskólabókasafnsins heldur einnig öðrum bókasöfnum í landinu. Inni á leitir.is er þannig hægt að fletta upp bókum og öðrum safnkosti í fleiri söfnum en Þjóðarbókhöðunni sökum samtengingar vefsins á milli safna um allt Ísland.⁹⁴

Miðað við umfjöllun okkar í fyrsta kafla á fyrirbærinu bókasafn má segja að internetið gerbreyti öllu umhverfi bókasafnsins. Í raun má sjá það sem nýja tegund bókasafns sem veitir fólki aðgang að efni nær hvar sem er í heiminum. Loforð hinnar stafrænu byltingar er að aukin tæknivæðing muni „frelsa oss frá illu“ eða svo gott sem. Stafrænn aðgangur fólks opnar á nýja möguleika og er almennt talið hafa jákvæð áhrif á hvernig nemendur nútímans læra og meðtaka nýtt efni. Við þessa byltingu verða bókasöfnin mun samkeppnishæfari í nútímasamfélagi þar sem slegist er um athygli fólks á degi hverjum.⁹⁵ Helstu áskoranir framtíðarinnar finnast því helst á þeim vettvangi sem stafræn bylting hefur í för með sér. Í grein John Cox *Positioning the Academic Library within the Institution: A Literature Review*, sem er góð að mörgu leiti, má þó finna dæmi um þá markaðshyggju sem J.G. Neal biðlar til okkar að varast.⁹⁶ Greinin fjallar helst um stöðu akademískra bókasafna og á þar með minna við um starfsemi landsbókasafna. Hins vegar má segja að óttinn við að tynast í hringiðu nútímavæðingar hafi blætt inn á borð bókasafna og orsakað þar þörfina á því t.d. að koma upp og viðhalda vörumerki sínu eða að mörkun bókasafnsins miðist helst við samkeppni þeirra um athygli. Minna þúðri sé þá e.t.v. eytt í að svara spurningunni um hvort bókasöfn þurfi eða eigi að vera í slíkri samkeppni. Eitt er þó víst að staðan í mörgum háskólabókasöfnum er sú að nemendur háskólanna þurfa að eyða umtalsverðum fjármunum í skólagjöld og því er á vissan hátt raunhæft að nemendur spyrji sig hvað þeir séu að fá fyrir peninginn. Þannig litast afstaða margra nemenda til hlutverks háskólasafnanna af því hvað þeir greiða fyrir þjónustuna.

⁹³ Ólafur Jóhann Sigurðsson, *Þjóðarbókhlaðan*, viðtal við Sigurbjörgu Long.

⁹⁴ „Saga“.

⁹⁵ Cox, bls. 218.

⁹⁶ John Cox, „Positioning the Academic Library within the Institution: A Literature Review“, *New Review of Academic Librarianship* 24, tbl. 3–4 (2. október 2018): 217–41, <https://doi.org/10.1080/13614533.2018.1466342>, bls. 218.

Til að sporna við neikvæðum hugmyndum um störf safnanna sé því mikilvægt að söfnin geri allt sem í þeirra valdi stendur til að vekja athygli nemenda á því sem söfnin hafa upp á bjóða. Í nútíma samfélagi er það helst gert með því að bjóða upp á gott stafrænt aðgengi að efni en einnig með markvissri viðveru safnanna á samfélagsmiðlum.⁹⁷ Ein afleiðing þess að gera safnkost aðgengilegan með rafrænum hætti er sú að notendur þurfa ekki lengur eins mikið á hinum efnislega safnikosti að halda og þeir geta nú sjálfir gert það sem áður var ekki hægt að gera nema með aðstoð starfsfólks bókasafnsins. Þar með er sú staða komin upp að bókasöfn þurfa í sífellu að sanna að þau geti boðið upp á eitthvað sérstakt umfram það að beina fólki á þær bækur sem það þarf.⁹⁸

Cox bendir á að Lorcan Dempsey hafi komið fram með nýjar hugmyndir um nýtt hlutverk háskólasafna vegna breyttra starfsskilyrða þeirra. Staðbundin söfn eru nú í stöðugum tenglum við önnur söfn um allan heim og því orðin hluti af alþjóðlegu neti safna. Í stað þess að leggja áherslu á að geta tengst efni sem gefið er út annars staðar í heiminum ætti hlutverk þeirra frekar að vera söfnun og útgáfa náms- og rannsóknarefnis á vegum móðurstofnunar þeirra. Hann vill því að háskólasöfnin marki sér sérstöðu með því að vera sérstakur dreifingaraðili rannsókna og efnis sem aðeins er framleitt af móðurstofnunni í mun meiri mæli en áður.⁹⁹

Hvort sem háskólabókasöfn geti orðið við tillögu Lorcan eða ekki þá er stafræn starfsemi bókasafna komin til að vera sama á hvaða formi hún verður í framtíðinni. Helstu kostirnir við byltinguna er annars vegar að hún býður upp á möguleikann á svokölluðum *ofursamruna* (e. superconvergence) á milli ýmissa stofnanna og þjónustu. Við það getur safn haft mun meiri áhrif á umhverfi sitt en áður.¹⁰⁰ Hins vegar er það geymsla gagna í svokölluðu gagnaskýi sem getur haft í för með sér mikla hagkvæmni í starfi bókasafna. Notkun slíkra tóla skapar umhverfi sem eykur sveigjanleika og leiðir þannig til verulegs sparnaðar í rekstri þar sem safnið þarf t.d. ekki sjálft að hýsa öll gögn heldur þarf aðeins á öruggri tengingu við internetið halda.¹⁰¹ Það er hins vegar álitamál hvort að stofnun á borð við Landsbókasafn Íslands geti tekið áhættuna á því að hafa ekki beinan aðgang að

⁹⁷ Cox, bls. 222.

⁹⁸ Cox, bls. 224.

⁹⁹ Cox, bls. 222.

¹⁰⁰ Cox, bls. 226.

¹⁰¹ Jitendra Nath Shaw og Tanmay De Sarkar, „Model Architecture for Cloud Computing-Based Library Management“, *New Review of Information Networking* 24, tbl. 1 (2. janúar 2019): 17–30, <https://doi.org/10.1080/13614576.2019.1608581>, bls.28-29 .

þeim upprunalegu gögnum sem safnið hefur yfir að ráða. En á móti væri hægt að segja að safnið taki líka þá áhættu á hverjum degi að hinn efnislegi safnkostur verði fyrir hnjaski eða skemmdum þar sem slys geta alltaf átt sér stað hversu vel sem fólk telur sig hafa tryggt sig gegn þeim.

4.5. Lítið til framtíðar

Rannsókn sem gerð var af Laura Sare, Stephen Bales og Tina Budzise-Weaver á viðhorfi háskólanema í grunnnámi og upplifun þeirra af þeim háskólabókasöfnum sem þeir höfðu aðgang að í Bandaríkjunum leiddi til áhugaverðra niðurstaðna.¹⁰² Rauði þráðurinn í niðurstöðum rannsóknarinnar var að þátttakendur líta á bókasafnið sem almannagæði. Bókasafnið var í þeirra augum bæði tæki til þess að ná persónulegum árangri en líka órjúfanlegur hluti af tengslum þeirra við stærra samfélag. Bókasafnið sem fyrirbæri sé í eðli sínu það sem viðkomandi nýtir það til. Hins vegar kom einnig fram það sjónarmið hjá þátttakendum að markviss viðvera á bókasafni ætti að skila einhverjum mælanlegum árangri. Hugmynd þeirra um bókasafnið tengdist þannig hugmyndinni um persónulegan vöxt einstaklinga til hins betra.

Úrvinnsla rannsóknargagnanna benti til þess að þátttakendurnir skynjuðu bókasöfnin á tvo aðgreinda verufræðilega vegu. Annars vegar sem kyrrstæða einingu í umhverfinu, þ.e.a.s. byggingarinnar eða það rými sem inniheldur safnið og sem óhlutbundið safn hugmynda. Þátttakendur tengdu bókasöfn við háleitir hugmyndir sínar um þekkingu, lýðræði og því sem kalla má hinn sammannlega þátt. Í hugum þeirra hefur bókasafnið hugmyndafræðilega merkingu. Úrvinnsla gagnanna leiddi einnig í ljós ákveðnar mótsagnir og misræmi á milli hugmynda þátttakendanna um bókasafnið og raunverulegrar notkunar þeirra á þeim.

Megin mótsögnin fólst í því að notkun þátttakendanna var í engu samræmi við þær háleitnu hugmyndir sem þeir höfðu um söfnin. Þátttakendur vora oft of hlédrægir í samskiptum sínum við starfsfólk og nýttu því safnið ekki sem skildi. Ýmsir vissu af kennslubókum á safninu en notfærðu sér þær ekki. Aðrir ætluðu sér að nýta söfnin en á endanum varð það þeirra síðasta úrræði. Eins var mikið misræmi á milli þeirrar fræðslu

¹⁰² Laura Sare, Stephen Bales, og Tina Budzise-Weaver, „The quiet agora: Undergraduate perceptions of the academic library“, *College & Undergraduate Libraries* 28, tbl. 1 (2. janúar 2021): 18–36, <https://doi.org/10.1080/10691316.2020.1850384>, bls. 18-19.

sem þátttakendurnir höfðu fengið og möguleika þeirra til að nýta sér hana. Afleiðing þess var að þeir áttuðu sig margir ekki á þeirri aðstoð sem var í boði. Flestir sáu því safnið aðeins sem hátíðlegan og heilagan lessal.¹⁰³

Í grunninn var það reynsluleysi þátttakendanna í notkun á bókasöfnum sem kom rannsakendum mest á óvart, sérstaklega miðað við þær hugsjónir og háleitu hugmyndir sem flestir þátttakendur höfðu um bókasöfn. Rannsakendur lögðu þar með til að frekari rannsóknir yrðu gerðar til þess að komast að því hvaða ástæður lægju að baki þessa misræmis. Þó að rannsóknin hafi verið gerð í Bandaríkjunum og eigi mest við þar þá er ekki fjarstæðukennt að ætla að svipuð staða sé upp á teningnum hér á landi. Þess vegna er hyggilegt að framtíðarrannsóknir á viðmóti, hugmyndum og notkun fólks á aðstöðu Þjóðarbókhöðunnar tækju mið af þessari rannsókn til þess að bæta starf safnsins.¹⁰⁴

Til að sporna við þeirri stöðu sem Laura Sare, Stephen Bales og Tina Budzise-Weaver lýsa í rannsókn sinni þarf að fyrirbyggja að nemendur og/eða almenningur komi af fjöllum um notkun bókasafna eins og reynsluleysi þátttakenda rannsóknar þeirra benti til. Bókasöfn bera, eins og áður hefur komið fram í 1. kafla, ákveðna samfélagslega ábyrgð og á það sérstaklega við um Þjóðarbókhöðuna. Þó þess sé ekki beinlínis krafist að safnið fræði alla landsmenn um notkun á bókasöfnum frá blautu barnsbeini þá getur það með ýmsum leiðum haft áhrif á stöðuna og þar með verið sá virki aðili í uppbyggingu upplýsingalæsis sem safnið vill vera. Sem dæmi getum við litið til Texasfylkis í Bandaríkjunum þar sem *Kvennaháskóli Texas* (e. Texas Woman's University) hratt af stað verkefninu *Umbreyting dreifbýlisbókasafna í samfélagsakkeri í Texas* (e. Transforming Libraries into Community Anchors in Rural Texas) árið 2018. Verkefninu var ætlað að sýna í verki nýja fyrirmynd fyrir almenningsbókasöfn á sviði menntunar með því að innleiða upplýsingatækni þar sem nemendur í bókasafnsnámi taki virkan þátt í þróunarstarfi samfélagsins. Nemendurnir vinni sjálfir að þarfamati, greiningu hagsmunaaðila, umsóknum um styrki og skipulagningu verkefna fyrir sitt nærsvæði, allt innan ramma eigin þekkingar á högum og þörfum þess dreyfbýlis sem nemendurnir tilheyra. Námið gagnist því beint afskettari byggðum ríkisins auk þess að auka

¹⁰³ Laura Sare, Stephen Bales, og Tina Budzise-Weaver, „The quiet agora: Undergraduate perceptions of the academic library“, *College & Undergraduate Libraries* 28, tbl. 1 (2. janúar 2021): 18–36, <https://doi.org/10.1080/10691316.2020.1850384>, bls. 29-31.

¹⁰⁴ Sare, Bales, og Budzise-Weaver, bls. 33.

menntunarstig þeirra.¹⁰⁵

Verkefnið beitir aðferðum sem þróaðar voru af Michael Gurstein frumkvöðli á sviði samfélagsupplýsingafræði og beinast þær að því að tengja saman möguleikana sem búa í nútímatækni til að ná fram efnahagslegum og félagslegum hagsbótum með menningaruppbyggingu. Tilgangur verkefnisins er því að þróa nýja kynslóð bókavarda sem hafa hæfni í að nota tiltæka nútímatækni til að styrkja eigið samfélag. Í anda samfélagsupplýsingafræði er með náminu leitast við að finna sjálfbærar lausnir fyrir einstaka samfélög.¹⁰⁶ Verkefni Kvennaháskóla Texasfylkis á e.t.v. ekki beint við íslenskar aðstæður en þrátt fyrir það er í því að finna viðleitni sem Þjóðarbókhladan gæti tekið sér til fyrirmyndar í framtíðinni.

Eftir alþingiskosningarnar 25. september 2021 voru ráðuneyti Íslands endurskipulögð. Breytingarnar fólu í sér að í stað mennta- og menningarmálaráðuneytis kom annars vegar háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti og hins vegar menningar- og viðskiptaráðuneyti. Samkvæmt þessu fellur Landsbókasafn Íslands undir menningar- og viðskiptaráðuneytið en Háskólasafnið undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið. Þetta kallar vissulega á ný vandamál sem ekki voru til staðar fyrir kosningar. Það er ákveðin galli að vera komin undir tvö mismunandi ráðuneyti eins og Sigurbjörg Long fagstjóri upplýsingaþjónustu og miðlunar orðar það því þetta gerir sameiginlegt starf safnanna erfiðara þar sem ýmsar ákvarðanir þurfa nú að fara í gegnum tvö ráðuneyti. Því þarf að treysta á að ráðuneytin séu ávallt í góðum og skilvirkum samskiptum sín á milli svo ekki skjótist hver höndin upp á móti annarri.¹⁰⁷ Gæti þetta orðið til þess að söfnin tvístrist aftur og er þá líklegra að Háskólabókasafninu verði fundin önnur staðsetning nær háskólanum?

Rithöfundurinn Sigurjón B. Sigurðsson, Sjón, bendir einnig á að þar sem u.þ.b. 20 prósent landsmanna séu af erlendum uppruna sé orðin rík ástæða til þess að safnið taki tillit til þess í starfsemi sinni og komi til móts við þann hluta þjóðarinnar. Að öðrum kosti sé mikil hætta á að mikilvæg menningarverðmæti og heimild um samtímann glatist.¹⁰⁸

Að lokum þarf vart að benda á það sem Birgir Björnsson minnst á en það er

¹⁰⁵ Carol Perryman og Ling Jeng, „Changing Models of Library Education to Benefit Rural Communities“, *Public Library Quarterly* 39 (31. maí 2019), <https://doi.org/10.1080/01616846.2019.1621736>, bls. 102.

¹⁰⁶ Perryman og Jeng, bls. 103.

¹⁰⁷ Ólafur Jóhann Sigurðsson, *Þjóðarbókhladan*, viðtal við Sigurbjörgu Long.

¹⁰⁸ Ólafur Jóhann Sigurðsson, viðtal við Sigurjón B. Sigurðsson - Sjón.

eðlilega að enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér. Þau verkefni sem unnið er að á þessari stundu verða sjálfsagt orðin úrelt áður en um langt líður. Má t.d. nefna að ofuráherslan á samfélagsmiðla og upplýsingatækni í dag gæti orðið með öllu úrelt innan nokkurra áratuga og algerlega óljóst hvað mun þá taka við. Starf Þjóðarbókhöðunnar verður því ávallt að taka mið af samtímanum hverju sinni og endurspegla þann veruleika.¹⁰⁹

¹⁰⁹ Ólafur Jóhann Sigurðsson, viðtal við Birgi Björnsson.

5. Miðlunarleiðin

5.1. Óveruleiki heimildarmyndarinnar

Samkvæmt orðum Bill Nichols þá er heimildarmynd allsgáð umfjöllun um raunveruleikann hvort sem hún fjallar á yfirborðinu um efnahagsmál, stjórnmál eða hundasýningar. Ólíkt t.d. sagnfræði þá fellur heimildarmyndin oft óþægilega utan við ramma staðreyndanna þó markmið hennar sé iðulega að lýsa því raunverulega.¹¹⁰ Hvernig sem reynt er að nálgast sköpun heimildarmyndar er niðurstaðan ávallt sú að myndin beygir óhjákvæmilega þann raunveruleika sem hún reynir að miðla yfir á sinn eigin innri veruleika. Hugmyndafræðilega hefur verið reynt að ná utan um þessa vankanta með því að beyta aðferð sem kallast *sjálfhverf heimildarmynd* (e. self-reflexive documentary).¹¹¹ Þar er lögð áhersla á að heimildarmynd sem slík getur aldrei verið sá hreini gluggi að veruleikanum eins og hann birtist okkur. Myndin er ávallt frásögn þess sem býr hana til hversu ósýnilegan sem viðkomandi reynir að gera sig. Bandaríska heimildarmyndagerðakonan Jill Godmilow lýsir t.a.m. óánægju sinni með þá skýrskotun til hins raunverulega sem orðið heimildarmynd ber með sér. Hún vill þess vegna fremur líta á myndirnar sem *uppbyggingarmyndir* (e. films of edification) þar sem hver heimildarmynd byggir upp ákveðinn innri veruleika sem áhorfandanum er síðan birtur á skjá. Verkefni áhorfandans er að meta þann veruleika sem honum birtist.¹¹²

Með þetta allt í huga réðst ég í það verkefni að reyna, á minn hátt, að fanga veruleika Þjóðarbókhlöðunar og miðla honum til fólks með heimildarmynd. Myndin sem slík er því bæði sönn en þó algerlega skálduð.

5.2. Heimildarmyndin Þjóðarbókhlaðan

Myndinn fjallar um bókasafnið Þjóðarbókhlöðuna: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, betur þekkt í daglegu tali sem *Bókhlaðan* eða bara *Hlaðan*. Safnið er vettvangur mikillar starfsemi sem allt of fáir þekkja og hún hefur tekið miklum

¹¹⁰ Jill Godmilow og Ann-Louise Shapiro, „How Real is the Reality in Documentary Film?“, *History and Theory* 36, tbl. 4 (1997): 80–101, <http://www.jstor.org/stable/2505576>, bls. 80.

¹¹¹ Bill Nichols, „Rödd heimildarmynda“, í *Áfangar í kvikmyndafræði*, ritstj. Guðni Elíasson (Reykjavík: Forlagið, 2003), bls. 192.

¹¹² Godmilow og Shapiro, „How Real is the Reality in Documentary Film?“, bls. 81.

breytingum síðustu áratugi í takt við breytt samfélag og tæknilegar framfarir. Myndin byggir á viðtölum við fimm einstaklinga sem ýmist eru núverandi starfsmenn, fyrrverandi starfsmenn eða hafa unnið með safninu í gegn um önnur verkefni. Þeir eru Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir Landsbókavörður, Áslaug Agnarsdóttir rithöfundur og fyrrverandi sviðsstjóri, bæði fyrir og eftir sameiningu safnanna 1994, Sigurjón B. Sigurðsson, betur þekktur undir rithöfundanafni sínu Sjón en hann hefur unnið þar að eigin ritverkum sem og að verkefnum í samtarfi við safnið, aðallega viðburðum og slíku, Sigurbjörg Long, fagstjóri upplýsingaþjónustu og miðlunar og Birgir Björnsson verkefnastjóri Landsaðgangs. Voru þau valin með það í huga að ná fram eins víðtækri mynd af safninu og unnt var því hvert um sig býr yfir einstakri þekkingu og sýn á hvað Þjóðarbókhlaðan er í þeirra huga. Framvinda myndarinnar er því keyrð áfram með frásögnum viðmælenda af starfi sínu og hvernig þau sjá safnið. Myndin kynnir okkur þannig dagleg störf safnsins, hvernig það kom til að söfnin tvö voru sameinuð á sínum tíma og hvað það þýðir fyrir safnið að vera á sama tíma bæði landsbókasafn og háskólabókasafn.

Markmið myndarinnar er að veita áhorfendum innsýn inn í starf og stöðu Þjóðarbókhlaðunnar eins og hún er árið 2022 á u.þ.b. 19 mínútum. Það er ansi skammur tími en von mín er þó sú að áhorfendur fái tilfinningu fyrir safninu, hvað þar á sér stað, uppruna þess og hvert það er að stefna. Í myndinni er m.a. farið inn á svæði sem ekki eru opin almenningi og því hafa afar fáir fengið að sjá þau. Að því leitinu sviptir myndin ákveðinni hulu af stofnuninni og hefur þau áhrif að gera stofnunina vinalegri og aðgengilegri. Markmiðið er því einnig að afstofnanavæða stofnun sem lengi vel hefur nánast þótt of helg til þess að koma nálægt henni. Það er þó ekki yfirlýst markmið að gera stofnunina og bókasafnið að einhverju hversdagslegu. Myndinni er því ekki eingöngu ætlað að hafa beint upplýsingagildi fyrir áhorfendur, þó það fylgi með, heldur að vekja áhuga þeirra á að nýta sér aðstöðu bókasafnsins og sækja sér þangað þjónustu í framtíðinni.

6. Lokaorð

Við höfum þá að lokinni þessari yfirferð, ekki aðeins náð að glöggva okkur á fyrirbærinu bókasafn heldur einnig náð að skyggjast betur inn í hvað það þýðir að vera akademískt safn og/eða landsbókasafn. Við höfum séð hvernig störf þeirra og staða innan samfélaga hafa áhrif á umhverfi safnsins og í raun hversu mikilvæg þau eru og nauðsynleg til þess að hægt sé að starfrækja þjóðfélag á vitrænan hátt. Okkur er að auki orðið ljóst að krafturinn sem býr í bókasafni getur verið mikill og sem stofnun getur það haft gríðarleg áhrif á samfélagið sem það er starfrækt í. Allt frá sjálfstæðisbaráttu og þróun þjóðvitundar eins og í tilfelli íslenska landsbókasafnsins til þess hvernig bókasafn getur unnið að því að græða djúp sár í sálarlífi þjóðar eins og dæmin frá Japan og Þýskalandi sýna. Við höfum einnig kynnst sögu tveggja merkustu bókasafna landsins og þeirri arfleidd sem þau hafa skilið eftir sig. Við erum þar að auki orðin meðvituð um að þrátt fyrir að bókasafn eigi á vissan hátt í tímalausu sambandi við tímann þá er samt sem áður starfi þess aldrei lokið. Ný verkefni bíða ekki bara Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns heldur allra bókasafna í heiminum, hverrar tegundar sem þau kunna að vera.

Eins og skrif mín hér á þessum síðum hafa vonandi náð að koma til skila, þá er það einskær von mín að áhugi og skilningur á starfi og tilvist, ekki bara Þjóðarbókhöðunnar heldur bókasafna almennt, hafi aukist við lestur þessarar ritgerðar. Að lokum vil ég koma þeirri skoðun minni á framfæri að stofnun á borð við Þjóðarbókhöðuna eigi verulega skilið að um hana sé gerð heimildarmynd í fullri lengd en ekki 19 mínútna stuttmynd eins og ég hef gert. Því það er trú mín að ekki sé raunverulega hægt að gera því mikilvæga starfi sem þar á sér stað nægjanleg skil á svo stuttum tíma. Þó stuttmyndin Þjóðarbókhláðan komi mörgu til skila þá var margt og mikið sem ekki var fangað á filmu vegna takmörkunnar á tímalengd stuttmyndarinnar og sem gjarnan mætti gera betri skil. En það bíður vonandi seinni tíma.

Heimildaskrá

- Bazerman, Charles, ritstj. *Handbook of research on writing: history, society, school, individual, text*. New York: L. Erlbaum Associates, 2008.
- Chadwell, Faye A. „Assessing the Value of Academic Library Consortia“. *Journal of Library Administration* 51, tbl. 7–8 (1. október 2011): 645–61. <https://doi.org/10.1080/01930826.2011.601268>.
- Nation Library of Uganda. „Close the Digital Divide Project“, 2022. <https://nlu.go.ug/inspiring-readers>.
- Cox, John. „Positioning the Academic Library within the Institution: A Literature Review“. *New Review of Academic Librarianship* 24, tbl. 3–4 (2. október 2018): 217–41. <https://doi.org/10.1080/13614533.2018.1466342>.
- Einar Sigurðsson. *Stefnumótun Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns*. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn, 1999.
- Finnbogi Guðmundsson. „Landsbókasafn Íslands 1818-1994“. Í *Sál Aldanna: Íslensk bókasöfn í fortíð og nútíð*, ritstýrt af Guðrún Pálsdóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 1997.
- Deutsche National Bibliothek. „Geschichte“, Júl 2021. https://www.dnb.de/EN/Ueberuns/Geschichte/geschichte_node.
- Bundesministerium der Justiz. „Gesetz über die Deutsche Nationalbibliothek (DNBG) § 2 Aufgaben, Befugnisse“, Jún 2006. <http://www.gesetze-im-internet.de/dnbg/>.
- Godmilow, Jill, og Ann-Louise Shapiro. „How Real is the Reality in Documentary Film?“ *History and Theory* 36, tbl. 4 (1997): 80–101. <http://www.jstor.org/stable/2505576>.
- Monroe County Public Library. „How To Use the Dewey Decimal System“, Ma 2021. <https://mcpl.info/childrens/how-use-dewey-decimal-system>.
- Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn. „Húsreglur“, október 2018. <https://landsbokasafn.is/index.php?page=husreglur>.
- Ingibjörg Steinunn Sverrirsdóttir. *Þekkingarveita í allra þágu: Stefna Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns 2013 - 2017*. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn, 2013.
- Nation Library of Uganda. „Inspiring Readers“, 2022. <https://nlu.go.ug/inspiring-readers>.
- Jakob, Christian. „Gathering Memory: Thoughts on the History of Libraries“. Í *Diogenes*, 196 Issue 4.:41–57. Paris: P.U.F., 2001.
- Nation Library of Uganda. „KOICA Project“, 2022. <https://nlu.go.ug/inspiring-readers>.
- Kristín Helga Gunnarsdóttir, Emilía Margrét Sigmarsdóttir, Jeffrey Cosser, Helgi Braga, og Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn. *The National and University Library of Iceland: a knowledge centre in the North*. Place of publication not identified: National and University Library of Iceland, 2004.
- Kristján Kristjánsson. „Hugtakagreining“. Í *Mannkostir*, 147–67. Háskólaútgáfan, 2002.
- Kumar, Krishan. *Reference service*. 5th Revised Edition. Vikas Publishing House, 2009.
- Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn. *Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn: fyrstu fimm árin : 1. desember 1994-1. desember 1999*. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn, 1999.
- Lau, Jesus, Anna Maria Tammaro, og T. J. D. Bothma, ritstj. *Libraries driving access to knowledge*. IFLA publications 151. Berlin ; Boston: De Gruyter Saur, 2012.

- Lor, Peter Johan, og Elizabeth A.S. Sonnekus. „Guidelines for Legislation for National Library Services“. UNESCO, 1997.
<https://unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000109568>.
- Lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn nr. 142 (2011).
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011142.html>.
- Mark, Joshua J. „Gilgamesh“. World History Encyclopedia, 29. mars 2018.
<https://www.worldhistory.org/gilgamesh/>.
- Britannica. „Melvil Dewey American librarian“, Desember 2021.
<https://www.britannica.com/biography/Melvil-Dewey>.
- Morozova, Lyudmila, Olga Morozova, Vira Drabovska, Olena Hrechanovska, Lesia Martirosian, og Valentuna Benera. „Formation of National Culture and National Consciousness in the Postmodern Society“. *Postmodern Openings* 12, tbl. 1Sup1 (10. júní 2021): 257–70. <https://doi.org/10.18662/po/12.1Sup1/283>.
- National Diet Library. „National Diet Library Law“, 9. febrúar 1948.
<https://www.ndl.go.jp/en/aboutus/laws.html>.
- Nichols, Bill. „Rödd heimildarmynda“. Í *Áfangar í kvikmyndafræði*, ritstýrt af Guðni Elíasson. Reykjavík: Forlagið, 2003.
- Ólafur Jóhann Sigurðsson. *Þjóðarbókhladan*. Documentary. Háskóli Íslands, 2022.
- Ólafur Rastrick. *Háborgin: menning, fagurfræði og pólitík í upphafi tuttugustu aldar*. Reykjavík : Reykjavík: Háskólaútgáfan ; Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2013.
- Perryman, Carol, og Ling Jeng. „Changing Models of Library Education to Benefit Rural Communities“. *Public Library Quarterly* 39 (31. maí 2019).
<https://doi.org/10.1080/01616846.2019.1621736>.
- Placeholder, e.d.
- Deutsche National Bibliothek. „Provenienzforschung“, Jún 2021.
https://www.dnb.de/EN/Ueber-uns/Geschichte/geschichte_node.
- Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn. „Ritver í Þjóðarbókhlöðu“, 19. janúar 2016.
<https://landsbokasafn.is/index.php?page=ritver>.
- Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn. „Saga“, 2022.
<https://landsbokasafn.is/index.php?page=saga>.
- „Samstarfs- og þjónustu samningur Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns“, mars 2022. chrome-extension://efaidnbmnnnibpcajpcglclefindmkaj/https://landsbokasafn.is/uploads/Samningar/Samstarfssamningur.pdf.
- Sare, Laura, Stephen Bales, og Tina Budzise-Weaver. „The quiet agora: Undergraduate perceptions of the academic library“. *College & Undergraduate Libraries* 28, tbl. 1 (2. janúar 2021): 18–36. <https://doi.org/10.1080/10691316.2020.1850384>.
- Shaw, Jitendra Nath, og Tanmay De Sarkar. „Model Architecture for Cloud Computing-Based Library Management“. *New Review of Information Networking* 24, tbl. 1 (2. janúar 2019): 17–30. <https://doi.org/10.1080/13614576.2019.1608581>.
- Siegel, Sam. „The Purpose of art“. samsoriginalart.com, júní 2019.
<https://samsoriginalart.com/the-purpose-of-art-2/>.
- Sigurður Línal, og Guðrún Jónsdóttir, ritstj. „Umræður um hlutverk Þjóðarbókhlöðu“. Arkitektafélag Íslands, 1972.
- Library & Information Science Network. „Types of Libraries (Academic, Public, National & Special Library)“, 14. febrúar 2022.

<https://www.lisedunetwork.com/types-libraries-academic-public-national-special-library/>.

Walczak, Marcin. „Library 3.0—where are we heading? Directions of libraries development in the 21st century“, 2, e.d.

Zarifeh, Margaret. „Libraries of the ancient world“. *ANZTLA EJournal*, t. 40 (2000): 3–11.